



Skólanámskrá

2016–2017

Haust 2016

Efnisyfirlit

1 FORMÁLI	5
2 VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS	6
ÁGRIP AF SÖGU SKÓLANS.....	6
HLUTVERK OG MARKMIÐ.....	8
GILDI OG MEGINÁHERSLUR	9
<i>Framtíðarsýn</i>	<i>11</i>
<i>Skólasamningur</i>	<i>11</i>
<i>Skólabragur</i>	<i>11</i>
3 STARFSEMI OG STARFSMENN	13
SKIPURIT	14
YFIRSTJÓRN SKÓLANS.....	14
SKÓLARÁÐ.....	15
STARFSFÓLK.....	15
<i>Ábyrgðarsvið einstakra starfsmanna</i>	<i>15</i>
<i>Siðareglur kennara</i>	<i>20</i>
<i>Starfsmannafundir.....</i>	<i>20</i>
<i>Kennarafundir.....</i>	<i>20</i>
<i>Deildarstjórafundir</i>	<i>21</i>
INNRA MAT SKÓLANS	21
<i>þróunarstarf</i>	<i>22</i>
4 SKIPULAG NÁMS	23
4RA ÁRA NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS 2011–2018	23
3JA ÁRA NÁM FRÁ 2015	24
<i>Brauta- og áfangalýsingar.....</i>	<i>25</i>
<i>Innritun og inntökuskilyrði.....</i>	<i>28</i>
<i>Skólakynningar</i>	<i>29</i>
<i>Skóladagatal.....</i>	<i>29</i>
<i>Skólagjöld</i>	<i>29</i>
FJARNÁM	29
5 ÁHERSLUR Í NÁMINU	30
GRUNNPÆTTIR OG LYKILHÆFNI	30
HEITI ÁFANGA	31
FRAMHALDSSKÓLAEINING.....	31
HÆFNIPREP	31
HÆFNIVÍÐMIÐ: PEKKING, LEIKNI, HÆFNI.....	32
NÁMS- OG KENNSLUHÆTTIR	33
NÁMSMAT	33
6 SAMSKIPTI OG SAMSTARF.....	34
FORELDRASAMSTARF	34
ERLEND SAMSKIPTI.....	35
ATVINNULÍFIÐ	36
7 PJÓNUSTA OG AÐSTAÐA VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS	37
HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA.....	37
BÓKASAFN	37
NEMENDAPJÓNUSTA	38

MÖTUNEYTI	39
TÖLVUBÚNAÐUR	39
SÉRSTÖK PJÓNUSTA VIÐ NEMENDUR	39
<i>Nemendur með sérþarfir</i>	39
<i>Nemendur með erlendað bakgrunn</i>	40
<i>Aðstoð í stærðfræði.....</i>	40
<i>Nemendur utan af landi</i>	40
<i>Afreksfólk í íþróttum og listum</i>	40
<i>Mat á námi.....</i>	41
<i>Sjóðir og styrkir á vegum Verzlunarskóla Íslands</i>	41
8 SKÓLAREGLUR.....	43
ALMENNAR REGLUR	43
UMGENGNI	43
SKÓLASÓKN	43
SKÓLASÓKNAREINKUNN	44
NÁMSMAT, PRÓF OG VERKEFNI.....	45
PRÓFREGLUR	46
REGLUR UM NOTKUN SKÓLANETS VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS	46
REGLUR UM NOTKUN VÍMUEFNA.....	47
ÚTGÁFUMÁL NEMENDA	47
MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA.....	47
VIÐURLÖG VEGNA BROTA Á SKÓLAREGLUM	48
9 STEFNUR OG ÁÆTLANIR VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS	49
STARFSMANNASTEFNA.....	49
JAFNRÉTTISÁÆTLUN VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS.....	49
<i>Starfsfólk</i>	49
<i>Nemendur.....</i>	51
FORVARNIR	52
<i>Stefna og framkvæmd forvara</i>	52
<i>Framkvæmd.....</i>	52
<i>Reglur</i>	52
<i>Íhlutun</i>	53
<i>Endurskoðun og samþykkt</i>	53
EINELTISÁÆTLUN VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS	54
<i>Nemendur.....</i>	54
<i>Starfsfólk</i>	57
MÓTTÖKUÁÆTLUN NÝNEMA.....	59
MÓTTÖKUÁÆTLUN NÝRRA ÍSLENDINGA	59
MÓTTÖKUÁÆTLUN NÝRRA STARFSMANNA	59
HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI	60
UMHVERFISVÆNN FRAMHALDSSKÓLI	61
ÁFALLAÁÆTLUN.....	62
VIÐBRAGGSÁÆTLUN VIÐ HEIMSFARALDRI	64
10 FÉLAGSSTARF NEMENDA.....	65
RITNEFNDIR.....	65
ÍþRÓTTAFÉLAG SKÓLANS.....	65
LISTAFÉLAG VERZLUNARSKÓLANS	65
NEMENDAMÓTSNEFND	66
SKEMMTINEFND	66
MÁLFUNDAFÉLAG OG FEMÍNSTAFÉLAG	66

KVIKMYNDUN, TÓNLIST OG SKEMMTIPÆTTIR	67
GÓÐGERÐARRÁÐ	67
ÝMSAR AÐRAR NEFNDIR	68
11 FYLGISKJÖL.....	69
FYLGISKJAL I – STARFSLIÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS SKÓLAÁRIÐ 2016–2017	69
FYLGISKJAL II – SKÓLADAGATAL 2016-2017	0
FYLGISKJAL III – GÁTLISTI YFIR MÓTTÖKU NÝRRA STARFSMANNA	0

1 Formáli

Skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands 2016-2017 byggir á lögum nr. 92 frá árinu 2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Hún er afrikstur þróunarvinnu um innleiðingu laganna sem stóð yfir af mismiklum krafti frá árinu 2008. Mesta vinnan átti sér stað veturninn 2013-2014 þegar meirihluti starfsmanna skólans kom að því að endurhanna námsframboðið úr fjögurra ára námi til stúdentsprófs í þriggja ár nám. Þeirri þróunarvinnu verður haldið áfram næstu ár þar sem enn er verið að skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Eðli sínu samkvæmt er skólanámskrá skólans lifandi skjal sem er í sífelldri endurskoðun.

Í skólanámskránni er fjallað um sögu skólans í stuttu máli, markmið hans og gildi, auk framtíðarsýn. Einnig er gert grein fyrir stefnu skólans í einstökum málefnum og komið inn á áherslur hans í starfi. Þá er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboðið, kennsluhætti, skólabrag og –reglur. Gert er grein fyrir þjónustu við nemendur og aðbúnað í skólanum. Í aftasta hluta námskrárinna er sagt frá því fjölbreytta félagsstarfi sem nemendafélag skólans (NFVÍ) sinnir.

Í tveimur sérstökum viðaukum eru áfangalýsingar þeirra áfanga sem kenndir eru þetta skólaár, annars vegar á fyrsta ári og hins vegar á öðru ári. Áfangalýsingar fyrir eldri nemendur skólans, þ.e. 5. og 6. bekk eru óbreyttar og má finna á heimasíðu skólans undir „[Skólanámskrá 2014-2018 – áfangalýsingar](#)“.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans, www.verslo.is, og er uppfærð árlega og oftar ef þörf þykir.

Reykjavík, haust 2016,
Ingibjörg S. Helgadóttir,
verkefnastjóri námskrár og gæðamála.

2 Verzlunarskóli Íslands

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er meðal elstu skóla landsins. Þeir aðilar, sem stofnuðu skólann, voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannafélag Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og býður nú upp á nám á fjórum mismunandi bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Skólinn hefur verið í stöðugri þróun fram á þennan dag og hafa margar breytingar verið gerðar, jafnt á námsframboði sem skipulagi.

Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar Verzlunarskólangs á þriggja ára námi til stúdentsprófs. Fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli þannig að næstu þrjú árin verða tvenns konar kerfi í gangi í skólanum. Skólinn er fyrir nemendur, sem hafa lokið grunnskólaprófi, og starfar í bekkjar-deildum þar sem hver bekkur hefur sína heimastofu. Kennsla fer fram á tímabilinu frá 08:15 – 15:40.

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 272/15. júní 1993. Samkvæmt skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar er meginhlutverk hennar að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis, sem og gagnvart öðrum þjóðum, með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi.

Starfsfólk Verzlunarskóla Íslands leggur metnað sinn í að búa sem best að nemendum og veita þeim góða kennslu og þjónustu. Með því að flétta saman öflugt nám og heilbrigtr félagslíf verða árin í framhaldsskóla ánægjulegri fyrir nemendur og staða þeirra sterkari í námi og starfi.

Á heimasíðu skólans má sjá skipulagsskrá Verslunarskóla Íslands.
<http://www.verslo.is/media/rafraen-skjol/Skipulagsskra-VI-2014.pdf/>

Ágrip af sögu skólans

Danska þingið samþykkti 14. apríl árið 1854 lög, sem veittu Íslendingum fullt verslunarfreli og tóku þau gildi 1. apríl næsta ár. Verslunarstéttin í Reykjavík minntist þessara tímamóta með veglegu samsæti 15. apríl 1904. Þar flutti Brynjólfur H. Bjarnason kaupmaður ræðu og drap á þau tvö mál, sem hann taldi vera mest aðkallandi fyrir verslunarstéttina, þ.e. að heildverslun yrði innlend og að stofna þyrfti verslunarskóla. Tilraunir höfðu verið gerðar til að koma á fót slíkum skóla, en þær höfðu ekki heppnast sem skyldi. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur tók skólamálið upp á sína arma árið 1904–1905 og fékk Kaupmannafélag Reykjavíkur til liðs við sig. Þetta bar árangur. Verzlunarskóli Íslands tók til starfa haustið 1905 og var settur í fyrsta sinn 12. október það ár. Tilkoma skólans auðveldaði mönnum mjög að afla sér menntunar á verslunarsviðinu, en hana höfðu menn áður burft að sækja til annarra landa, sem var mjög dýrt.

Skólinn starfaði fyrsta árið í tveimur deildum, yngri deild og undirbúningsdeild, sem raunar skiptist í mála- og reikningslinu. Eldri deild tók síðan til starfa næsta skólaár. Þessi deildaskipting stóð með makt til ársins 1926, en þá var þriðja bekk bætt við og loks fjórða bekk árið 1935. Framhaldsdeild fyrir þá nema, sem lokið höfðu verslunarprófi, var sett á stofn á árunum 1935–1936, og varð hún víser að öðru meira. Viðskiptaháskóli á vegum ríkisins var stofnaður árið 1938. Forráðamönnum VÍ þótti réttmætt, að nemar úr framhaldsdeild ættu kost á að setjast í þann skóla, en þetta mætti andstöðu, ekki síst eftir að viðskiptaháskólinn varð að viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1941. Þá var brugðið á það ráð að afla heimildar fyrir skólann til að útskrifa stúdenta. Hún fékkst og reglugerð um lærdómsdeild VÍ var gefin út árið 1942 og fyrstu stúdentarnir útskrifuðust árið 1945.

Stúdentsnámið skyldi taka tvö ár eftir verslunarpróf. Verslunargreinar og tungumál settu mestan svip á námsefni lærðómsdeilda. Námsframboð hefur aukist verulega frá því, að lærðómsdeild var sett á stofn, hagfræðideild og máladeild voru settar á stofn árið 1970 og stærðfræðideild á árinu 1984.

Hagfræðideildinni var síðan skipt í málalínu og stærðfræðilínu árið 1994. Árið 1996 hófst vinna við endurskipulagningu og uppstokkun á námsframboði og brautaskiptingu við skólann. Í framhaldi af því var stofnuð ný braut, alþjóðabraud. Skólinn var í sex bekkjum árin 1944–1970, en á árinu 1971 voru tveir neðstu bekkirnir felldir niður en nemendur í staðinn teknir inn í skólann með landspróf eða gagnfræðapróf og eftir árið 1974 með samræmt grunnskólapróf.

Sú breyting varð á stöðu VÍ sumarið 1922, að Verslunarráð Íslands tók að sér umsjón og yfirstjórн skólans gegn því skilyrði, að honum yrði skilað skuldlausum í hendur þess. VÍ hefur síðan verið undir yfirstjórн Verslunarráðs, sem meðal annars hefur kosið skólanefnd. Breytingin var gerð samkvæmt ósk Kaupmannafélagsins, Verzlunarmanafélagsins og skólanefndar. Orsök mun hafa verið sú, að á Alþingi árið 1919 kom fram frumvarp um ríkisrekinn verslunarskóla. Því var raunar vísað frá með rökstuddri dagskrá, en aðstandendur VÍ töldu stöðu skólans ekki trygga eins og allt var í pottinn búið nema hann eignaðist öflugan forsvarsáðila.

Skólinn hefur starfað á eftirtöldum sex stöðum í borginni:

Vinaminni (Mjóstræti 3) árið 1905–1906,
Melstedshúsi við Lækjartorg árið 1906–1907,
Hafnarstræti 19 árin 1907–1912,
Vesturgötu 10 árin 1912–1931,
Grundarstíg 24 árin 1931–1986 og eignaðist þar þrjú hús og loks að
Ofanleiti 1 frá árinu 1986.

Fyrsta starfsárið voru nemendur 66, en næsta ár um 100. Nemendafjöldinn var síðan 100–200 þar til skólinn flutti á Grundarstíginn. Þar jókst húsakostur verulega, enda voru nemendur VÍ 722 í upphafi skólaárs 1971–1972. Þeir voru 920 í upphafi skólaársins 1997–1998. Síðustu ár hafa nemendur verið kringum 1200 í dagskóla auk fjarnemenda. Nemendur hafa ætíð komið víðs vegar að af landinu, ekki síst framan af árum.

Eftirtaldir menn hafa verið skólastjórar Verzlunarskóla Íslands:

Ólafur Eyjólfsson árin 1905–1915,
Jón Sívertsen árin 1915–1917 og árin 1918–1931,
Helgi Jónsson árið 1917–1918,
Vilhjálmur Þ. Gíslason árin 1931–1953,
dr. Jón Gíslason árin 1953–1979,
Þorvarður Elíasson árin 1979–1990 og árin 1991–2005,
Valdimar Hergeirsson árið 1990–1991,
Sölvi Sveinsson árin 2005–2007 og
dr. Ingi Ólafsson frá árinu 2005.

Hæfni - Virðing - Ábyrgð - Yellíðan

Hlutverk og markmið



Markmid Verzlunarskóla Íslands er að:

- brautskrádir nemendur séu færir um að takast á við nám á háskólastigi, hérlandis sem og erlendis
- búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífi og lýðræðisþjóðfélagi
- studla að alhliða þroska nemenda, efla víðsýni þeirra og skapandi hugsun
- þjálfa nemendur í sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- efla félagslega hœfni nemenda í samskiptum og samvinnu við aðra

Verzlunarskóli Íslands er leiðandi í viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi á Íslandi. Skólinn leitast við að laga sig að síbreytilegum aðstæðum og vera í fremstu röð í notkun upplýsinga- og tölvutækni. Áhersla er lögð á að skapa þroskandi námsumhverfi sem efllir námsgetu og persónulega hœfni nemenda.

Gildi og megináherslur

Starfsfólk Verzlunarskóla Íslands samþykkti í stefnumótunarvinnu skólaárið 2009–2010 að leggja ákveðin gildi til grundvallar í öllu starfi skólans. Markmiðið er að festa í sessi ákveðna menningu innan skólans og stuðla að aukinni samfélagsvitund allra sem við skólann starfa, nemenda og starfsmanna.


HÆFNI

Við viljum kunna okkar fag og sýna alúð og metnað í starfi.
Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka okkur nýjungar.

**ÁBYRGÐ**

Sinnum starfi okkar og námi af heilindum og trúmennsku.
Gætum að orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góðir málsvalar og fyrirmynnd.





VIRÐING

Sýnum hvert öðru skilning og virðum ólik viðhorf og skoðanir. Verum umburðarlynd og ástundum stundvísi og áreiðanleika.



VELLÍÐAN

Við viljum leggja grunn að jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólk og nemendum.

Framtíðarsýn

Verzlunarskóli Íslands hefur ætíð lagt metnað sinn í að aðlagast nýjum aðstæðum hverju sinni en byggir þó á gömlum og traustum grunni.

Megináherslur

Í stefnumótunarvinnu árið 2010 voru samþykktar áherslur sem lagðar verða til grundvallar í allri skólaþróun, m.a. vinnu við innleiðingu nýrra laga. Áherslurnar eru eftirfarandi:

- Vinnumhverfi, sem einkennist af framúrskarandi aðbúnaði, starfsfólk og nemendum.
- Mannauður þar sem sífelld endurnýjun þekkingar, samvinna og sveigjanleiki eru höfð að leiðarljósi.
- Hefðir og menning sem byggir á reynslu og góðu orðspori á sviði viðskiptamenntunar og félagslífs þar sem bekkjakerfi og ríkar hefðir skapa festu og sérstöðu.
- Nemendur sem njóta menntunar sem byggir á alhliða hæfni og metnaðarfullum vinnubrögðum.

Skólasamningur

Verzlunarskóli Íslands gerir reglulega skólasamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um verkefni, rekstur og fjárveitingar til næstu þriggja ára. Frá árinu 2013 er nýasti samningur skólans og ráðuneytisins og hér fyrir neðan er hlekkur í nýjustu útgáfu samningsins.

<http://www.verslo.is/media/rafraen-skjol/Skolasamningur2013.pdf>

Skólabragur

Skólabragur Verzlunarskólans er í samræmi við gildi skólans: hæfni, ábyrgð, virðing og vellíðan. Ætlast er til að hver einstaklingur, hvort sem hann er starfsmaður skólans eða nemandi, sinni sínu starfi af ábyrgð og alúð. Samskipti nemenda og starfsmanna einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd. Umgengni um húsnæði, tæki og annan búnað skólans er góð og endurspeglar virðingu gagnvart vinnustað og skóla. Leitast er við að stuðla að vellíðan allra og reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins eins og kostur er. Skólinn leggur áherslu á að vinnufriður ríki í kennslustofum og að nemendur sýni ábyrgð og sjálfstæði í námi sínu. Nemendur, sem þurfa aðstoð vegna námsörðugleika í einhverju formi, fá námsráðgjöf og þá aðstoð sem skólinn getur veitt. Það er ósk skólans að auk alhliða þroska, þrói allir nemendur hans með sér umburðarlyndi, sjálfstraust og víðsýni á þeim árum sem þeir dvelja í skólanum.

Í Verzlunarskólanum hafa skapast hefðir sem hefur verið haldið við árum saman. Má þar nefna að við móttöku nýnema hefur aldrei tíðkasat hin hefðbundna busun eins og í flestum öðrum framhaldsskólum. Þess í stað eru nýnemar boðnir velkomnir í skólann á vingjarnlegan hátt. Ein elsta hefð skólans er *peysufatadagurinn* sem er hátíðardagur annars árs nema. Peysufatadagurinn er haldinn í aprílmánuði. Annars árs nemendur koma í skólann uppáklæddir í peysufötum, kjólfötum og íslenskum búningum og byrja á sameiginlegum morgunverði. Stuttu seinna hefst athöfn í Bláa sal, oftast um klukkan 10.00, og stendur í u.þ.b. klukkustund. Skólastjórnendur, umsjónarkennrar annars árs nema og ýmsir aðrir starfsmenn skólans mæta við athöfnina. Athöfnin hefur farið fram með þeim hætti að hver bekkur hefur haldið stutta ræðu og að henni lokinni hefur umsjónarkennara verið færður þakklætisvottur frá bekknum. Skólaárið 2001–2002 ákváðu nemendur að breyta út frá

ræðuforminu og kom hver bekur í staðinn með skemmtiatriði (tónlist, dans, upplestur). Undanfarin ár hefur skemmtiatriðum fækkað og endað á frumflutningi lags annars árs nema.

Eftir athöfn fara nemendur niður á Hlemm, ganga niður Laugaveg að Ingólfstorgi þar sem þeir stíga þjóðlegan dans við harmonikkuspil. Undanfarin ár hefur danskennsla verið í höndum íþróttakennara. Af Ingólfstorgi fara nemendur upp að Háskóla Íslands þar sem tekin er hópmynnd. Að þessu loknu er farið út að borða þar sem umsjónarkennurum, skólastjörnendum og stjórn Nemendafélagsins er boðið til hádegisverðar með nemendum annars árs. Þennan dag kemur út árbók annars árs nemenda þegar því verður við komið.



Dimisjón elstu bekkinga er einnig haldin hátíðleg. Síðasta dag fyrir lokapróf mæta elstu bekkingar gjarnan í sparifötum. Undanfarið ár hefur verið athöfn í Bláa sal þar sem nemendur kveðja kennara og starfsfólk. Um kvöldið er síðan kvöldverður og dansleikur. Þangað er umsjónarkennurum og kennurum boðið ásamt skólastjörnendum og öðrum starfsfólk skólans. Dagskrá hefst með því að formaður elstu bekkinga segir nokkur orð og síðan flytur skólastjóri stutta ræðu. Um kvöldið sjá allir útskriftarbekkir um skemmtiatriði. Að borðhaldi loknu er stiginn dans. Þennan dag fá útskriftar-nemendur afhenta árbók sína, Spégrímu.

Nemendamót VÍ (NEMÓ) er árshátíð skólans og fer fram fimmtudaginn í fyrstu viku febrúarmánaðar ár hvert. Þann dag er frí í skólanum, nemendur hvers bekkjar koma saman og efla bekkjarandann með ýmsu móti. Hápunktur dagsins er nemendamótssýningin þar sem nemendur sýna söngleik með dansatriðum og leik. Fyrir þessa sýningu hafa nemendur fengið fagmenn innan leiklistar, tónlistar og söngs sér til aðstoðar. Hefð er fyrir því að bekkir bjóði umsjónarkennara sínum til kvöldverðar ýmist á veitingahúsi eða í heimahúsi. Síðar um kvöldið er svo dansleikur þar sem nemendur dansa í sínu finasta þússu fram eftir nóttu.

Gleði- og forvarnardagurinn er orðinn fastur liður í skólahaldi við Verzlunarskóla Ísland. Hann er haldinn miðvikudaginn á undan Nemendamótinu. Venjuleg kennsla fer fram í fyrstu tveimur tímum dagsins en síðan er breytt dagskrá. Lífsleiknikennrar og námsráðgjafar hafa undirbúið ýmsa áhugaverða fyrirlestra og atburði sem nemendur velja um. Má þar nefna starf björgunarsveitarmanna, tónlistarfólk flytur tónlist sína, danskennslu, fjöltefli, fræðslu um skiptinemasamtökin AFS, lýðháskóladvöl á Norðurlöndunum og fleira.



Hafgragrautur í morgunmat. Í allmög ár hefur skólinn gefið þeim nemendum, sem þess óska, hafgragraut og lýsi í fyrstu frímínútum hvers dags. Hefur þetta mælst afar vel hjá nemendum og tæmist hver potturinn á fætur öðrum hvern morgun. Þeir nemendur sem mæta með ílát undir grautinn fá hann endurgjaldslauast en hinir kaupa einnota skálar á kostnaðarverði.



3 Starfsemi og starfsmenn

Í gildi er þjónustusamningur milli skólangs og mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennslu á framhaldsskólastigi. Greiðslur til skólangs eiga sér stað samkvæmt sérstöku reiknilíkani sem er í gildi fyrir framhaldsskóla landsins.

Viðskiptaráð Íslands myndar fulltrúaráð skólangs, skipar 5 manna skólanefnd og ræður skólastjóra. Skólastjóri ræður síðan annað starfsfólk.

Um ábyrgðasvið stjórnenda skólangs og starfslýsingar, sjá heimasíðu skólangs undir „Stjórnskipan“: (<http://www.verslo.is/skolinn/stjornskipan>).

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands markar stefnu skólangs, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun skólangs. Jafnframt ákveður hún skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra.

Skólanefndin skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn stofnunarinnar.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólangs, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim er skólanum tilheyra. Skólanefnd afgreiðir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans til endanlegrar afgreiðslu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar, eða skólanefnd í umboði hennar eftir erindisbréfi skv. 3. gr., ræður skólastjóra Verzlunarskóla Íslands, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til.

Skólastjóri Verzlunarskóla Íslands kemur fram fyrir hönd skólangs, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart skólanefnd. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, nema skólanefnd ákveði annað um einstaka fundi.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiriháttar. Slíkar ráðstafanir getur skólastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólangs. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skólangs og víkur þeim frá, hvort tveggja í samráði við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólangs í lok hvers skólaárs.

Skipurit

Yfirstjórn: skólastjóri, yfirkennari, áfangastjóri og fjarnámsstjóri

*Yfirstjórn skólans***Fulltrúaráð Verzlunarskóla Íslands frá aðalfundi í apríl 2014 skipa:**

Frosti Ólafsson
 Jón Diðrik Jónsson
 Ingibjörg Gréta Gísladóttir
 Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður
 Steinn Logi Björnsson
 Benedikt Jóhannesson
 Hannes Frímann Hrólfsdóttir
 Margrét Flóvenz
 Ásdís Kristjánsdóttir

Skólanefnd

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
 Helgi Jóhannesson, varaformaður
 Andri Þór Guðmundsson
 Hannes Frímann Hrólfsdóttir
 Sigríður Margrét Oddsdóttir
 Þórður Möller sem fulltrúi kennara

Skólastjórn

Ingí Ólafsson, dr.scient., skólastjóri
 Porkell H. Diego, B.A., íslenska, yfirkennari (í leyfi í vetur)
 Guðrún Inga Sivertsen, staðgengill yfirkennara
 Klara Hjálmtýsdóttir, B.A., sálfræði, áfangastjóri
 Sigurlaug Kristmannsdóttir, B.Sc., líffræði, fjarnámsstjóri

Skólaráð

Skólastjóri er formaður skólaráðs sem auk hans er skipað yfirkennara, tveimur fulltrúum kennara og tveimur nemendum. Skólaráð er skólastjóra til aðstoðar og ráðgjafar um stjórnum skólans. Það fjallar um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, skólareglur, umgengnishætti í skólanum og vinnu- og félagsaðstöðu nemenda. Einnig veitir skólaráð umsögn um erindi frá skólanefnd, en jafnframt frá almennum kennarafundum, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og mennta- og menningar- málaraðuneytinu sé þess óskað. Auk þess fjallar það í trúnaði um mál sem upp kunna að koma og varða einstaka nemendur og kennara. Skólaráð fundar reglulega á starfstíma skólans.

Starfsfólk

Við skólann starfa um 80 kennarar, námsráðgjafar, verkefnastjórar, bókasafnsfræðingar og annað starfsfólk á bókasafni. Þar fyrir utan er starfsfólk á skrifstofu, húsvörður, vaktmaður, starfsmenn í mötuneyti skólans og ræstingafólk. Aftast í skjalinu í *Viðauka I* er listi yfir alla starfsmenn skólaárið 2015–2016.

Ábyrgðarsvið einstakra starfsmanna

Skólastjóri

Skólastjóri er oddviti yfirstjórnar skólans en í henni sitja auk hans yfirkennari, áfangastjóri og fjarnámsstjóri. Skólastjóri er ábyrgur fyrir öllum ákvörðunum yfirstjórnar skólans. Hann annast samskipti við yfirvöld menntamála, skólanefnd og aðra þá sem að hagsmunum skólans koma, ber ábyrgð á rekstri og fjárrreiðum gagnvart skólanefnd og ákveður námsframboð í samráði við hana. Einnig ber hann ábyrgð á að skólanámskrá sé fylgt og að hún sé í samræmi við aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins, ræður starfsmenn að höfðu samráði við skólanefnd og ber ábyrgð á innritun.

Yfirkennari

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra. Ábyrgðarsvið hans eru m.a.:

- umsjón með kennslu í skólanum
- ákveður í samráði við yfirstjórn hvaða áfangar eru í boði í dagskóla og fjarnámi
- ber ábyrgð á að námsefni sé í samræmi við (skóla)námskrá
- umsjón með faglegu starfi, mati og eftirliti í skólanum
- umsjón með gerð stundatöflu
- umsjón með framkvæmd prófa
- umsjón með þróunarstarfi, jafnt í kennslu sem námsmati

Áfangastjóri

Helstu ábyrgðarsvið áfangastjóra eru m.a.:

- stýrir innritun í samráði við skólastjóra og kerfisstjóra
- ábyrgur fyrir námsferlum og einkunnaskráningu
- tekur við umsóknum um hvers konar undanþágur frá námskrá og reglum skólans
- metur fyrra nám nemenda, þegar því er til að dreifa, í samráði við deildarstjóra
- stjórnar gerð prófskírteina
- hefur umsjón með fjarvistaskráningu og mætingum nemenda

Fjarnámsstjóri

Hlutverk fjarnámsstjóra er m.a.:

- að skipuleggja, stýra og markaðsetja námskeiðahald og fjarnám við Verzlunarskóla Íslands
- ákveða í samráði við yfirstjórn hvaða áfanga er boðið upp á í fjarnámi
- móta og ritstýra fjarnámsvæf í samstarfi við kerfisstjóra
- undirbúa og hafa eftirlit með skráningu nemenda í áfanga, innheimtu skráningargjalds og enn fremur að sinna nemendabókhaldi í samstarfi við áfangastjóra og gjaldkera
- stýra markaðssetningu fjarnáms og gerð kynningarefnis fjarnáms í samstarfi við áfangastjóra

Skrifstofustjóri

Hlutverk skrifstofustjóra skal vera m.a.:

- hafa umsjón með fjárreiðum og bókhaldi skólans og vinna með skólastjóra að fjárhagsáætlunum
- hafa umsjón með innheimtu skólagjalfa og annarra gjalda sem nemendur og aðrir skulu greiða sjá um greiðslur á reikningum fyrir skólann, annast bókhald og reikningsuppgjör
- annast launaútreikninga og launabókhald
- stjórna daglegum rekstri skrifstofu og samræma störf ritara og afgreiðslufólks
- umsjón með mötuneyti starfsmanna

Kerfisstjóri

Kerfisstjóri, sem er jafnframt umsjónarmaður tölvunets skólans, skal m.a.:

- annast daglegan rekstur og uppsetningu á tölvukerfi skólans, bæði tækjum, neti og hugbúnaði
- fylgjast með nýjungum í tölvu- og hugbúnaðargerð
- gera áætlun um tölvu- og hugbúnaðarkaup
- annast innkaup og uppsetningu á tölvu- og hugbúnaði
- sjá um rekstur á símkerfi skólans og öðrum rafrænum búnaði
- annast skjávarpa skólans og vefmyndavélar

Kerfisfræðingur

Kerfisfræðingur VÍ hefur með höndum og ber ábyrgð á eftirfarandi þáttum:

- upplýsingakerfi: þjálfun kennara í notkun upplýsingakerfis og aðstoð við notkun
- kennslukerfi: setur inn námskeið og aðstoðar kennara við móton námskeiða
- kennsluhugbúnaður: fylgist með nýjungum og prófar kennsluhugbúnað og gagnasöfn á geisladiskum og Internetinu. Kynnir tækninýjungar fyrir kennurum og kennir notkun þeirra.
- kannanir á Netinu í samstarfi við aðra
- ýmis verkefni í samstarfi við kerfisstjóra

Verkefnastjóri

Við skólann eru nokkrir verkefnastjórar í hlutastöðum við skólann. Þeir sinna hver sínum málauflokk. Þeir eru: heilsueflandi framhaldsskóli, námskrárgerð, gæðastjórnun og alþjóðasamskipti.

- gæðastjóri hefur með höndum gæðastjórnunarmál innan skólans, s.s. gerð skólanámskrár
- alþjóðasamskipti. Verkefnastjórin hefur yfirumsjón með verkefnum sem unnin eru í samvinnu við erlenda skóla og stofnanir
- verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla sinnir öllu sem snertir þann málauflokk
- verkefnastjóri í námskrárgerð heldur utan um skólanámskrá og áfangalýsingar skólans

Deildarstjóri

Deildarstjóri er skipaður af yfirkennara. Hann skal m.a.:

- stýra daglegu starfi deildarinnar
- boða til deildarfunda eigi sjaldnar en þrisvar á misseri og skipta verkum innan deildarinnar
- láta skrá fundargerð deildarfunda og senda þær til skólastjóra og yfirkennara
- bera ábyrgð á að áfangalýsingar séu réttar hverju sinni á heimasíðu skólans
- sjá um að kennsluáætlanir séu tilbúnar við upphaf annar og aðgengilegar nemendum á fyrsta kennsludegi
- skipta samningu og yfirferð prófa á kennara deildarinnar og fara yfir próf með viðkomandi kennurum
- bera ábyrgð á vali námsefnis og að bókalisti sé uppfærður
- gera tillögu um skiptingu kennslu innan deildarinnar í dagskóla og fjarnámi
- vera til stuðnings nýráðnum kennurum
- beita sér fyrir kennslufræðilegri umræðu í deildinni
- gera tillögur um tækja- og bókakaup eftir því sem við á
- vera yfirstjórn skólans til ráðgjafar við ráðningu nýrra kennara
- semja skýrslu um vetrarstarf deildarinnar



Kennari

Starf kennara er mjög fjölbreytilegt og spannar marga þætti. Hann skal m.a.:

- sjá um kennslu og mat á námi í kennslugrein sinni samkvæmt skólanámskrá
- fylgjast með árangri nemenda sinna
- gera kennsluáætlanir í samráði við samkennara
- taka þátt í þróun náms og kennslu í skólanum
- taka þátt í gerð skólanámskrár
- veita upplýsingar um námsefni og námsskipan í grein sinni
- veita almennar upplýsingar vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár
- hafa samvinnu við námsráðgjafa og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari er skipaður fyrir hvern bekk. Hlutverk umsjónarkennara er margvíslegt og má þá helst nefna:

- kynna nemendum sínum í byrjun hvers skólaárs reglur skólans
- skipa umsjónarmann bekkjar og fylgjast með störfum hans
- einkunnagjöf
- mætingarskylda og mætingareinkunn
- reglur um vottorð í leikfimi
- umgengni um skólann
- aðgang að bókasafni og tölvustofum

- starf skólalæknis og námsráðgjafa
- fylgjast með mætingu og ástundun nemenda
- hafa samband við námsráðgjafa, yfirkennara eða skólastjóra ef þurfa þykir
- bera saman kladda og skýrslu og leiðréttu ef þarf
- vera talsmaður nemenda gagnvart öðrum kennurum og skólayfirvöldum
- vera milliliður umsjónarbekkjar og stjórnenda skólans
- aðstoða nemendur í ýmsum málum eins og t.d. með námsval, fylgjast með vinnubrögðum í námi o.fl.
- sitja two fundi á ári með forráðamönnum ólögráða nemenda

Námsráðgjafi

Við Verzlunarskólann eru starfandi námsráðgjafar sem eru nemendum til aðstoðar við ýmis mál sem upp koma og eru um leið trúnaðarmenn þeirra. Hlutverk námsráðgjafa eru margvísleg, m.a.:

- aðstoða nemendur við að tileinka sér skipulögð og markviss vinnubrögð
- fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf
- liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda
- veita ráðgjöf vegna persónulegra mála og hafa samband við viðeigandi aðila ef þörf krefur
- að vera talsmaður nemenda gagnvart kennurum, skólayfirvöldum o.fl.
- að hafa eftirlit með fjarvistum nemenda í samvinnu við umsjónarkennara
- sjá um skipulagningu og framkvæmd foreldrakvölda fyrir ólögráða nemendur
- skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum
- skipuleggja og sjá um kynningu meðal grunnskólanema á starfsemi og námsframboði skólans
- taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs

Félagslífsfulltrúi

Við skólann er starfandi félagslífsfulltrúi. Hlutverk hans er m.a. að:

- skipuleggja umsjón og eftirlit með samkomum nemenda skólans. Þar á meðal má nefna:
 - dansleiki
 - Nemendamót
 - nemendaferðir á vegum NFVÍ
 - og ýmsa atburðir á vegum NFVÍ, t.d. nýnemadag, kosningar o.fl.
- fylgjast með og ritskoða efni sem nemendur gefa út
- funda reglulega með stjórn NFVÍ og þá sérstaklega þegar taka þarf ákvarðanir um fjármál og veita nemendafélaginu aðhald hvað varðar fjármálin
- hafa samráð við húsvörð um notkun nemenda á húsnæði skólans
- upplýsa starfsmenn um hvað sé á döfinni hjá NFVÍ
- vinna með forvarnafulltrúa að málfeðnum sem tengjast félagslífi nemenda, s.s. að reglur skólans gildi á skemmtunum og ferðum á vegum nemendafélagsins
- hafa umsjón með leyfisveitingum nemenda varðandi félagslíf og koma upplýsingum til skrifstofu

Forvarnafulltrúi

Við Verzlunarskólann er starfandi forvarnafulltrúi. Hlutverk hans er m.a. að:

- vera í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvara í skólanum
- sjá um að til sé skrifleg stefna skólans í forvörnum

- standa fyrir fræðslu (fyrir starfsfólk og nemendur) um afleiðingar neyslu áfengis, tóbaks og ólöglegra fíkniefna
- hafa náið samstarf við námsráðgjafa, nemendafélag, jafningjafræðslu, forvarnafulltrúa í öðrum skólum og fagaðila utan skólans
- taka á móti vísbendingum ef grunur leikur á vímuefnanotkun nemenda og veita upplýsingar um úrræði fyrir þá sem eru í vímuefnavanda
- vera nemendum, starfsfólk og forráðamönnum til ráðuneytis
- kalla saman forvarnateymi skólans

Forvarnafulltrúi hefur trúnaðarskyldu gagnvart nemendum, starfsfólk og forráðamönnum.

Bókasafnsstjóri

Bókasafn gegnir mikilvægu hlutverki í skólanum og nauðsynlegt er að vel sé að því staðið. Hlutverk yfirmanns safnsins er að:

- hafa umsjón með daglegum rekstri safnsins
- sjá um skráningu safnsins
- annast val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins
- leiðbeina nemendum og starfsfólkum notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun
- kynna og efla starfsemi safnsins innan skólans
- skila skýrslu til skólastjóra um starfsemi safnsins í lok skólaárs

Ritari/móttaka

Við Verzlunarskólann starfa ritrarar og hafa þeir margvísleg verk með höndum sem þeir skipta á milli sín. Hlutverk þeirra skal, m.a. vera:

- annast dagleg störf á skrifstofu
- símsvörum
- útgáfu vottorða
- sjá um fjarvistaskráningu
- taka við tilkynningum vegna veikinda eða annarra forfalla nemenda og kennara og skrá slík forföll inn
- sjá um námsferilsskráningu og gerð prófskírteina vegna umsókna nemenda í erlenda skóla
- vera skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar
- vinna að gerð ársskýrslu skólans
- rita fundargerð á skólanefndarfundum

Umsjónarmaður fasteigna VI

Umsjónarmaður fasteigna annast umsjón og viðhald á:

- rafkerfi skólans
- myndeftirlitskerfi skólans
- hljóðkerfum
- eldviðvörunarkerfi
- loftræstikerfum
- aðgangsstýringu að bílaplani skólans
- ofnakerfi
- vaktmaður á kvöldin
- gæslumenn í tölvustofum

- gæslu í íþróttahúsi
- ræstingu skólans
- viðhaldi á húsbúnaði skólans
- skráningu á tækjum skólans
- öryggisvörður
- öryggi á vinnustað

Siðareglur kennara

Flestir kennrarar, sem starfa við Verzlunarskóla Íslands, eru meðlimir í Kennarasambandi Íslands. Á 5. þingi Kennarasambands Íslands voru samþykktar siðareglur fyrir kennara sem eru eiga að vera þeim til leiðbeiningar í starfi. Siðareglur eru settar til að efla fagmennsku kennara og styrkja fagvitund þeirra.

Kennari:

1. Menntar nemendur.
2. Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
4. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsuhverfi.
5. Hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur kunna að verða fyrir.
7. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
9. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Vinnur með samstarfsfólkí á faglegan hátt.
11. Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Starfsmannafundir

Í framhaldsskólum skal halda starfsmannafund a.m.k. einu sinni á skólaári. Rétt til setu á starfsmannafundi eiga allir starfsmenn skólans ásamt fulltrúum nemenda skv. nánari ákvörðun skólastjóra. Á skólaufundi er rætt um málefni skólans. Skólastjóri boðar til fundar og leggur fram dagskrá. Í Verzlunarskóla Íslands er hefð fyrir því að starfsmannafundir séu haldnir á fyrsta eða öðrum degi hverrar annar.

Kennarafundir

Samkvæmd lögum skal halda kennarafund að minnsta kosti tvisvar á skólaári. Skólastjóri boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Allir kennrarar, sem starfa við skólann, eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma en öllum, sem þar eiga seturétt, er heimilt að bera þar fram mál. Kennarafundir í Verzlunarskólanum eru að venju einu sinni í mánuði, eða fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Deildarstjórafundir

Hvert fag hefur á að skipa deildarstjóra sem hefur yfirumsjón með málefnum sinnar deilda. Þriðja þriðjudag hvers mánaðar boðar yfirkennari til deildarstjórafunda þar sem hann fer yfir helstu atriði sem eru á döfinni í skólanum. Á deildarstjórafundum sitja allir deildarstjórar, yfirkennari, áfangastjóri og aðrir starfsmenn skólans eftir því sem við á.

Innra mat skólans

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Menntamálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Haustið 2002 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum Verzlunarskóla Íslands og var niðurstaðan sú að skólinn þyrfti að taka aðferðir sínar við sjálfsmat til athugunar. Í því skyni var vinnuhópur kennara skipaður til að vinna með gæðastjóra að þessu verkefni. Gæðahópurinn skilaði sjálfsmati til menntamálaráðuneytisins vorið 2004 og haustið 2005. Í mars 2007 var í annað sinn gerð úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum við Verzlunarskóla Íslands. Að fengnum gögnum sem skólinn skilaði inn um sjálfsmat við skólann 2004 – 2007 og eftir fund með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, áfangastjóra og gæðastjóra, var niðurstaða ráðuneytisins í september 2007 sú að skólinn uppfyllti „viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.“

2014 var enn gerð úttekt á starfsemi Verzlunarskólans fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á þeim tíma var unnið að þróun 3ja ára náms til stúdentsprófs sem fól í sér umtalsverðar breytingar á inntaki námsbrauta. Að mestu leyti kom innra mat skólans vel út í þeirri úttekt en þó voru nokkur atriði sem bent var á að þyrfti að endurskoða og bæta. Þá skýrslu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. [Úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands 2014.](#)

Árlega er gerð viðhorfskönnun meðal nemenda varðandi þá áfanga sem þeir taka á skólaárinu. Þau atriði sem þar eru könnuð tengjast viðkomandi áfanga, námsgögnum, aga í tímum, viðhorfi til fagsins og kennara, til krafna í áfanganum og til fleiri þátta. Í árlegu viðtali skólastjóra við kennara er farið yfir niðurstöður í þeim áföngum sem viðkomandi kennari kennir.

Reglulega er gerð viðhorfskönnun meðal starfsfólks skólans m.a. um atriði sem lúta að stjórnun hans, aðbúnaði starfsfólks og viðhorfi til starfsins. Niðurstöður þeirrar könnunar er kynnt á starfsmannafundi og skýrsla með helstu niðurstöðum er aðgengileg öllum á kennarastofu og á opnu neti skólans.

Haustið 2014 var gerð starfsáætlun um innra mat skólans til næstu ára. Stofnað var nýtt gæðateymi í skólanum sem samanstóð af einum skólastjórnanda, gæðastjóra, skrifstofustjóra ásamt þremur kennurum skólans. Skólaárið 2014-2015 var hin árlega viðhorfskönnun meðal nemenda framkvæmd ásamt reynsla kennara af tölvustuddri kennslu, sem hefur verið meðal áhersluatriði í kennsluháttum skólans, könnuð. Einnig var viðhorf starfsmanna til aðkomu þeirra við innleiðingu 3ja ára námsins kannað. Þá var einnig gerð könnun meðal nemenda og starfsfólk um aðbúnað í skólanum. Niðurstöður þessara kannana ásamt niðurstöðum úr Skólapúlsinum voru kynntar á starfsmannafundi í haust. Auk þess hafa starfsmenn aðgang að skýrslum um þessar kannanir á innra neti skólans.

Gæðateymi kom sér saman um hvaða þætti skólastarfsins skyldi metið á hverju ári og lítur áætlunin út eins og sést á næstu síðu. Á þessu skólaári mun gæðateymið m.a. sjá um hina árlega kennslukönnun nemenda ásamt því að vinna úr niðurstöðum vinnudags sem haldinn var í maí sl. vor.

Áætlun gæðastarf

Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats				
Viðfangsefni sjálfsmats	2014-2015	2015-2016	2016-2017	2017-2018
Kennsluhættir: Tölvustudd kennsla	X			
Kennslukannanir	X	X	X	X
Vinnulag v. innleiðingu 3ja ára náms	X			
Mat á fyrstu önn 3ja ára náms		X		
Skólanámskrá – markmið, inntak náms, námsmat			X	X
Aðbúnaður nemenda og kennara, stoðþjónusta	X			
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf		X		
Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf		X		
Nám og námsárangur			X	
Starfsáætlun, skipulag, verkferlar, skólareglur, árs-skýrslur deilda		X		
Umbótaaðgerðir, þróunarstarf		X	X	
Stjórnun		X		

Þróunarstarf

Í Verzlunarskólanum hefur verið unnið að þróun nýrrar skólanámskrár nokkur undanfarin ár. Starfið hófst árið 2008 með tilkomu nýrra laga um framhaldsskóla. Síðan varð hlé í nokkur ár á starfinu, m.a. vegna þess að gildistöku laganna var frestað og einnig vegna kjaramála kennara.

Vorið 2012 tók skólanefnd Verzlunarskólans þá ákvörðun að vorið 2014 skyldi innrita nemendur í 3ja ára nám við skólann. Tveir verkefnastjórar, úr röðum kennara, voru ráðnir til að halda utan um skipulagningu starfsins. Fjórir hópar, skipaðir u.p.b. 50 kennurum og öðru starfsfólk skólans, unnu tvo vetur að undirbúnungi 3ja ára náms. Vinna þeirra skilaði því að það gekk eftir að vorið 2014 var hægt að bjóða upp á 3ja ára nám til stúdentsprófs á fjórum mismunandi brautum.

Þar sem 3ja ára nám til stúdentsprófs er nýtt í skipulagi skólans mun innra mat skólans 2016-2017 að áfram tengast þessu þróunarverkefni..

4 Skipulag náms


Nám við Verzlunarskóla Íslands hefur í gegnum tíðina breyst og verið aðlagað að þörfum íslensks samfélags hvers tíma. Mörg undanfarin ár hefur nám við skólinn staðið í fjögur ár og því lokið með stúdentsprófi. Auk þess hafa allir nemendur skólans fengið verslunarpróf eftir tvö ár. Í kjölfar nýrra laga um nám til stúdentsprófs, sem tóku gildi 2008, vann skólinn að því að breyta náminu í 3ja ára nám til stúdentsprófs. Það námsfyrirkomulag hófst haustið 2015.

4ra ára nám til stúdentsprófs 2011–2018

Haustið 2011 varð breyting á námskipan með þeim hætti að tveggja eininga áfangar heyrðu sögunni til. Þessi breyting gerði það að verkum að nemendur ljúka dönskunáminu eftir fyrsta árið og hefja nám í þriðja tungumáli á öðru ári. Nemendur, sem innrituðust á fyrsta ár til og með árinu 2014, geta valið á milli frönsku, þýsku og spænsku sem þriðja tungumáls (á eftir ensku og dönsku). Námið er fjögurra ára nám og haustið 2014 var síðast tekið inn samkvæmt þessu námsfyrirkomulagi þar sem náminu var breytt í 3ja ára nám til stúdentsprófs haustið 2015. Þetta þýðir að vorið 2018 mun skólinn útskrifa tvo árganga með stúdentspróf, þ.e. nemendur, sem hófu nám í fjögurra ára kerfi haustið 2014, og fyrstu nemendur í 3ja ára kerfi sem byrjuðu á fyrsta ári haustið 2015.

Frá árinu 2003 hefur Verzlunarskóli Íslands einnig boðið upp á fjarnám í öllum áföngum sem í boði eru í dagskóla ásamt fleiri áföngum.

Nemendum, sem innrituðust í Verzlunarskólann árin 2011 – 2014, stóðu eftirfarandi brautir til boða:



Allir nemendur, óháð braut, taka ákveðinn lágmarksfjölda eininga í viðskiptagreinum og ljúka þeir verslunarprófi að loknu öðru námsári, þ.e. eftir að hafa lokið minnst 70 einingum og síðan ljúka þeir stúdentsprófi að loknu fjórða námsári eða þegar þeir hafa lokið minnst 140 einingum. Á heimasíðu skólans er að finna hvaða áfangar eru kenndir á hvaða brautum og á hvaða ári. [4ra ára stúdentspróf](#).

Nánari lýsing á 4ra ára námi til stúdentsprófs er að finna í sérstakri skólanámskrá sem gildir til vorsins 2018 en þá útskrifast síðustu stúdentar frá skólanum samkvæmt 4ra ára námstilhögum.

3ja ára nám frá 2015

Vorið 2015 var í fyrsta sinn innritað í skólann samkvæmt skipulagi 3ja ára náms til stúdentsprófs. Árin á undan fór fram mikil vinna í skólanum við endurskipulagningu námsins þar sem tekið var mið af lögum um framhaldsskóla frá 2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Niðurstaða þeirrar vinnu var að áfram skyldi verða boðið upp á fjórar ólíkar brautir þar sem hægt yrði að velja mismunandi línr. Námið er 207 nýjar framhaldsskóla-einingar og lýkur með stúdentsprófi á þriðja þrepi. Allar brautir innihalda svokallaðan skólkjarna, 97 einingar. Síðan tekur brautakjarni við sem inniheldur fög og áfanga sem einkenna brautina, 60 einingar í allt. Þá velja nemendur hverrar brautar ákveðna línu brautarinnar sem eru 30 einingar. Loks geta nemendur valið 20 einingar í frjálsu vali. Allir nemendur skólans, óháð brautum ljúka verslunarprófi á öðru ári sínu við skólann. Eftirfarandi brautir og línr eru í boði:



Dagskóli 3ja ára nám

Alþjóðabraut

Viðskiptabraut

Náttúrufræðibraut

Nýsköpunar – og listabraut

Félagsvísindalína

Hagfræðilína

Eðlisfræðilína

Sviðslistalína

Alþjóðasamskiptalína

Viðskiptalína

Líffræðilína

Sjónlistalína

Ferðamálalína

Ferðamálalína

Tæknilína

Brauta- og áfangalýsingar

Á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins er hægt að sjá nákvæmar lýsingar á námi 3ja ára brautanna og innihaldslýsingar áfanga hverrar brautar ásamt lykilhæfni þeirra.

- Alþjóðabraut - <http://namskra.is/programmes/8bdb4be3-03f8-4b8f-8205-6ed88cf1a6bd>
- Náttúrufræðibraut - <http://namskra.is/programmes/8c339ee6-6a59-4510-9705-424b10e02a76>
- Nýsköpunar- og listabraut - <http://namskra.is/programmes/5cc0a925-57df-46dc-87e0-7bf25384e451>
- Viðskiptabraut - <http://namskra.is/programmes/7d02ca7b-0629-43eb-96d2-f87cb95923ce>

Áfangar 1. árs

Allar brautir fyrsta árs fara í eftirtalda áfanga úr skólakjarna á haust- og vorönn.

	haustönn	vorönn
DANS	2MM05	2NS05
ENSK	2OM05	2MV05
ÍSLE	2RM06	2GF05
TÖLV	2RT05	(ýmist á haust- eða vorönn)
ÍÞRÓ	1ÍA01	1ÍB01
BÓKF	1BR05	
HAGF		2PF05
LÍFS	1NF05	1NV05
VÉLR	1FI02	

3ja mál val:

FRAN	1FA05
SPÆN	1SA05
ÞÝSK	1PA05

Áfangar úr brautakjarna eru eftirfarandi:

Alþjóðabraut:

STÆR	2PP05	2MM05
LAND		2FL05

Náttúrufræðibraut:

STÆR	2PA05	2HJ05
JARD		2AJ05

Nýsköpunar- og listabraut:

STÆR	2PP05	2MM05
LIME2		2LM05

Viðskiptabraut:

STÆR	2PA05	2HJ05
TÖLV		3UT05

Fjöldi eininga sem fyrsta árs nemar taka er 72 á skólaárinu.

Áfangar 2. árs

Áfangar sem kenndir eru í skólakjarna á öðru áru eru eftirfarandi:

	haustönn	vorönn
ENSK	3SV05	
ÍSLE		2PT05
ÍÞRÓ	1ÍC01	1ÍD01
SAGA	1FM05	2MS05

3ja mál val:

FRAN	1FA05	1FB05
SPÆN	1SA05	1SB05
ÞÝSK	1ÞA05	1ÞB05

Áfangar úr brautakjarna og línum eru hér eftirfarandi. Engir nemendur voru skráðir í ferðamálalínu eða tæknilínu. Samkennsla var á báðum línum á alþjóðabraut og nýsköpunar- og listabraut fyrir utan einn áfanga.

Alþjóðabraut – Félagsví sindalína/Alþjóðasamskiptalína:

STÆR	2RT05	
ENSK		3AM05
LAND	2FL05	
MENN	2EM05	
SÁLF		2GR05
NÁTT	1JE05	1EL05
FÉLA		2IS05 *kennt á félagsví sindalínu
HAGF		2AH05*kennt á alþjóðasamskiptalínu

Náttúrufræðibraut - Eðlisfræðilína:

STÆR	2VH05	3DF05
	2LT05	
EÐLI	2DL05	2BY05
EFNA		2AE05
JARÐ	2AJ05	
LÍFF		2LE05

Náttúrufræðibraut – Líffræðilína:

STÆR	2VH05	3DF05
	2LT05	
EÐLI		2DL05
EFNA	2AE05	2LT05
JARÐ	2AJ05	
LÍFF		2LE05

Nýsköpunar- og listabraut - Sjónlista- /Sviðslistalína:

STÆR	2RT05	
ENSK		3AM05
HÖNN		2SH05
LIME	2LM05	
LISH	2HS05	
NÁTT	1EJ05	1EL05
LEIK		2TT05 *kennt á sviðslistalínu
MYNL		2SL05 *kennt á sjónlistalínu

Viðskiptabraut – Viðskiptalína/Hagfræðilína:

STÆR	2LT05	3FF05 *kennt á viðskiptalínu
ENSK		2VH05 *kennt á hagfræðilínu
BÓKF	2BT05	3NV05
REKH		2MT05 *kennt á viðskiptalínu
NÁTT	1EJ05	2HD05 *kennt á hagfræðilínu
TÖLV	3UT05	1EL05

Fjöldi eininga annars árs var 72.

Í sérstökum viðauka eru áfangalýsingar fyrsta og annars árs í hinu nýja námi.

[Viðauki I: Áfangalýsingar 1. árs 2016-2017.](#)

[Viðauki II: Áfangalýsingar 2. árs 2016-2017.](#)

Innritun og inntökuskilyrði

Verzlunarskólinn notar sameiginlegt innritunarkerfi fyrir framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið rekur. Skólinn innritar nemendur að vori. Samkvæmt reglugerð nr. 204/112 skal leggja eftirfarandi forgangsröðun til grundvallar við innritun:

- nemendur sem flytjast milli anna eða skólaára í núverandi skóla, að meðtöldum nemendum yngri en 18 ára með ófullnægjandi námsárangur sem hafa haldið skólareglur að öðru leyti,
- nemendur á starfsbrautum fatlaðra,
- nýnemar sem útskrifast úr grunnskóla á næstliðnu vori fyrir upphaf skólaárs,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem eru að sækja um í fyrsta sinn,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem eru að sækja um eftir hlé á námi,
- umsækjendur yngri en 18 ára sem flytjast milli framhaldsskóla,
- aðrir umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði,
- aðrir umsækjendur um dagskóla og
- umsækjendur um fjarnám eða kvöldskóla.



Þeir umsækjendur sem útskrifast úr grunnskóla á næstliðnu vori fyrir upphaf skólaárs njóta forgangs ásamt þeim núverandi nemendum skólans sem ekki hafa náð fullnægjandi árangri árið áður.

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir eiga jafnframt rétt á að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Þegar tekið er inn í skólann liggja grunnskólaeinkunnir í fjórum greinum til grundvallar. Þessar greinar eru: stærðfræði og íslenska, sem hafa tvöfalt vægi, og tvær til viðbótar, enska, danska (eða annað Norðurlandamál), samfélagsfræði eða náttúrufræði. Berist fleiri umsóknir en hægt er að verða við er meginreglan sú að þeir ganga fyrir sem hafa hærri einkunnir. Inntaka nemenda í skólann er á ábyrgð skólastjóra.

Skólakynningar

Opið hús er haldið seinnipart dags í febrúarmánuði og aftur í byrjun júní er þurfa þykir. Þessi kynning er ætluð grunnskólanemendum og forráðamönnum þeirra. Þar eru a.m.k. tveir fulltrúar hverrar deilda í skólanum og kynna þeir námsefni deildarinnar, kennsluhætti og svara spurningum gesta varðandi nám í skólanum. Á Marmaranum, samkomustað skólans, eru skólastjóri, yfirkennari og námsráðgjafar og veita upplýsingar um námsframboð skólans. Tölvustofur eru opnar og geta gestir kynnt sér tölvunotkun, ritvinnslu, hraðapróf og tölvubókhald. Bókasafn skólans og íþróttahús eru einnig opin. Í tveimur stofum við Marmaranum hefur stjórn Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands (NFVÍ) aðstöðu þar sem hún kynnir starfsemi sína. Á Marmaranum eru léttar veitingar og nemendur skólans sjá um óvæntar uppákomur ásamt því að fara með hópa í kynnisferð um skólann.

Skóladagatal

Með nýjum lögum um framhaldsskóla árið 2008 var kveðið svo á að skólaárið skyldi vera 180 virkir starfsdagar í stað 175 starfsdaga áður. Skólaári Verzlunarskóla Íslands er skipt í tvær annir, eina fyrir jól og aðra eftir áramót. Starfsárið byrjar um miðjan ágúst hvert ár og því lýkur síðari hluta maímánaðar. Hvorri önn lýkur með prófadögum þar sem unnið er að námsmati annarinnar. Á haustönn hafa undanfarin ár verið teknir tveir virkir dagar í haustfrí. Á heimasíðu skólans má sjá skóladagatal skólaársins 2015–2016. Skóladagatalið er einnig aftast í þessu skjali sem *Viðauki II*.

http://www.verslo.is/media/skoladagatol/Dagatal_2016-2017.pdf

Skólagjöld

Skólinn innheimtir skólagjöld af nemendum og ákveður skólanefnd hver þau eiga að vera í samráði við skólastjóra. Skólagjöld fyrir skólaárið 2015–2016 eru 122.000 fyrir nemendur í 4ra ára náminu en 162.000 fyrir nemendur í 3ja ára náminu. Auk þess greiða allir nemendur kr. 7000 til Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands.

Fjarnám

Fjarkennsla við Verzlunarskóla Íslands hófst haustið 2003. Kennt er á þremur önnum, haust-, vor- og sumarönnum. Fjöldi nemenda á önn eru á bilinu 500-700 og tekur hver þeirra að meðaltali tæplega 6 gamlar einingar á önn. Fjöldi ársnemenda við fjarnámið er um 150. Fjarkennrarar á önn eru rúmlega 50 og kenna þeir nær allir einnig við dagskólann. Á heimasíðu skólans er hægt að sjá hvaða áfangar eru í boði hverju sinni. <http://www.verslo.is/fjarnam/afangar-i-bodi/>

Áfangar í boði í fjarnámi Verzlunarskólans eru um 100. Þeir eru í samræmi við námskrá framhaldsskóla og sömu kröfur eru gerðar í fjarnámi og dagskóla. Það er tryggt með því að sama námsefni er í báðum tilfellum, sömu kennrarar og sambærileg próf. Nær allir áfangar skólans í dagskóla eru í boði í fjarnámi.



Allir áfangar í fjarnámi við skólann eru kenndir í kennslukerfinu Moodle. Kennslukerfið er nokkurs konar skóli í netheimum, þar sem hver áfangi á sér samastað. Nemendur komast þar í samband við kennara áfangans og samnemendur. Þar eru vistuð ýmis námsgögn, svo sem textar, hljóðskrár, myndbandsskeið, námsáætlanir, gagnvirk verkefni og fleira.

Nemandi, sem skráir sig í fjarnám, greiðir 7.200 krónur í innritunargjald, óháð einingafjölda. Auk þess greiðir hann krónur 6.000 fyrir hverja námseiningu sem hann innritar sig í. Próftökugjald er ekkert ef próf er tekið í Verzlunarskólanum. Óski nemandi eftir því að taka prófið annars staðar, t.d. í sendiráði eða í menntastofnun á búsetusvæði sínu, gæti hann þurft að greiða próftökugjald á viðkomandi stað. Gjaldið er mismunandi og ákveðið af ábyrgðarmanni á próftökustað. Algengt gjald er kr. 0 - 3.000 krónur.

Kannanir á fjarnáminu hafa verið gerðar þrisvar; fyrst með jafningjamati á vorönn 2008 þar sem fjarnámskennrar skoðuðu og mátu áfanga hver hjá öðrum. Síðan hafa verið gerðar tvær nemendakannanir; sú fyrri á haustönn 2008 en sú seinni á vorönn 2009. Á vorönn 2010 stóð mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum og var VÍ einn þriggja skóla sem könnunin náði til. Á heimasíðu skólans er hlekkur í fyrrnefndar kannanir á fjarnámi við skólann.
<http://www.verslo.is/fjarnam/mat-a-gaedum/>

Fjarnámsstjóri er Sigurlaug Kristmannsdóttir.



5 Áherslur í náminu

Árið 2011 kom út ný Aðalnámskrá framhaldsskólanna með nýjum áherslum sem endurspeglar átti nám og kennslu í framhaldsskólum landsins. Heiti áfanga skyldu vera samkvæmt ákveðnum reglum og í stað markmiða skyldu allir áfangar taka mið af þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Hugsunin bak við hverja framhaldsskólaeiningu var samkvæmt ákveðnum hugmyndum og skólastarfið skyldi allt einkennast af ákveðnum grunnþáttum og lykilhæfni nemenda. Við þróun 3ja ára náms til stúdentsprófs hafði Verzlunarskóli Íslands ofangreinda þætti að leiðarljósi í hönnun brauta, áfanga, kennsluháttu og námsmats. Einnig endurspeglar skólastarfið í heild þessi lykilhugtök. Hér á eftir verða þessi nýju hugtök og hugmyndir útskýrðar nánar.

Grunnþættir og lykilhæfni

Samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskólanna (2011) eru sex grunnþættir menntunar sem endurspeglast eiga í öllu skólastarfi framhaldsskóla. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla svo og tengslum hans við samfélag sitt. Lykilhæfni er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Lykilhæfnin snýr að nemandanum sjálfum og er þannig nemendamiðuð

útfærsla á áherslum grunnþáttta. Lykilhæfnin er nýtt við skipulagningu námsbrauta, gerð áfangalýsinga auk þess sem horft er til hennar við námsmat og umsögn um nemendur. Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi framhaldsskóla, starfsumhverfi og skólabrag sem og námi og kennslu allra námsáfanga.

Heiti áfanga

Með nýrri Aðalnámskrá framhaldsskólanna (2011) var skólum gert að breyta heitum áfanga sinna. Heitið er í formi 9 bókstafa og tölustafa. Fyrstu fjórir bókstafirnir tákna þá grein eða fag sem áfanginn tengist. Síðan kemur einn tölustafur sem táknað hæfniþrep áfangans. Þar næst koma tveir bókstafir sem ætlað er að vera lýsandi fyrir áfangann og loks koma tveir tölustafir sem segja til um fjöldu eininga. Sem dæmi um áfangaheiti er: DANS2MM05. Þetta er danska á öðru hæfniþrepi. Heiti áfangans er Mál og Menning (MM) og hann er fimm framhaldsskólaeiningar.

Framhaldsskólaeining

Framhaldsskólaeiningin er skilgreind út frá vinnuframlagi nemenda. Ein eining er miðuð við þriggja daga vinnu nemandans í 6–8 klukkustundir á dag. Inni í þessari mælingu er tímasókn nemandans, heimavinna, profundirbúningur og próftaka. Fullt ársnám nemenda er 60 einingar og er þá miðað við 180 daga skólaár. Einingafjöldi áfanga sést í tveimur síðustu tölustöfunum í áfanganúmerinu eins og útskýrt var hér að framan.

Hæfniþrep

Samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, 41-42) raðast námslok námsbrauta í framhaldsskóla á hæfniþrep. Með röðun þeirra á hæfniþrep eru dregnar fram mismunandi kröfur um hæfni nemanda að loknu námi. Hæfniþrepin mynda þannig ramma um mismunandi kröfur við námslok án tillits til þess hvort námið er bóknám, listnám eða starfsnám. Í lýsingu á hæfniþrepum er annars vegar lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti og hins vegar aukna sérhæfingu í námi. Hæfniþrepin eru skilgreind með nemendur í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila. Hæfniþrepin eiga að gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur og eru þannig leiðbeinandi við gerð áfanga- og námsbrautalýsinga. Hæfniþrepin eru einnig upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, jafnt nemendur sem atvinnulíf og næsta skólastig sem tekur við nemendum að loknu námi.



Á framhaldsskólastigi eru þrepin fjögur. Fyrsta þrepiprinn er á mörkum grunn- og framhaldsskóla og felur í sér almenna menntun. Þar tengjast kröfur um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni daglegu lífi og virkni einstaklingsins í þjóðfélagitnu.

Námslok á þepri tvö einkennast af fremur stuttri sérhæfingu, sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmenn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/eða undir yfirstjórн annarra. Þá er gert ráð fyrir að hinni almennu hæfni til að vera virkur þjóðfélagsþeign sé náð og sjónum beint að virkni og ábyrgð innan vinnuumhverfis. Nemendur við Verzlunarskóla Íslands útskrifast með verslunarpróf sem er á þessu námsstigi.

Námslok á þriðja hæfniþepi einkennast af enn meiri kröfum um þekkingu, leikni og hæfni sem tengjast sérhæfingu og fagmennsku. Þar fer fram sérhæfður undirbúningur undir háskolanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Eftir námslok á þriðja þepi eiga nemendur að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. Námslok til stúdentsprófs miðast við þriðja hæfniþepið.



Fjórða þepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

Hæfniviðmið: Þekking, leikni, hæfni

Eftirfarandi útskýring er samantekt úr Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, 38–39). Þekking, leikni og hæfni eru hugtök sem notuð eru við gerð námsbrautalýsinga og áfangalýsinga. Tengsl hugtakanna birtast í því að hæfni nemenda byggir á þekkingu þeirra og leikni auk sjálfskilnings, viðhorfa og siðferðis. Ekki er nóg að búa yfir þekkingu, heldur þurfa nemendur að geta greint hana og miðlað henni. Á sama hátt birtist leikni nemenda ekki einungis í því að læra aðferðir. Þeir þurfa að geta valið á milli og beitt viðeigandi vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum hverju sinni. Bæði þekking og leikni tekur til alls náms hvort sem það er á sviði bóknáms, listnáms eða starfsnáms.

Hæfni nemenda felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu sína og leikni í samræmi við aðstæður hverju sinni. Nemendur þurfa einnig að búa yfir hæfni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni þegar skóla lýkur. Í því ferli skiptir námshæfni, upplýsingalæsi, skapandi hugsun og hagnýting þekkingar lykilmáli.

Í öllum áfangalýsingum, sem gerðar eru við Verzlunarskóla Íslands, er unnið út frá grunnþáttum og lykilhæfni menntunar og hæfniviðmið áfangans eru tilgreind í þekkingu, leikni og hæfni.

Náms- og kennsluhættir

Í áfangalýsingum er stutt kynning á inntaki námsins ásamt kennsluháttum. Markmið Verzlunarskóla Íslands er að nám og kennsluhættir skólans stuðli að alhliða þroska nemenda og einkennist af virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans. Nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að auka þekkingu, leikni og hæfni nemenda og þeim veitt leiðsögn í átt að settu marki. Mikil áhersla er lögð á virkni og sjálfstæði nemandans, þ.e. hvaða hæfni hann öðlast í náminu og hvernig hann aflar hennar. Í skólanum er lögð áhersla á notkun upplýsingataækni og að nemendur séu færir um að afla sér þekkingar á eigin spýtur. Í flestum áföngum er námið verkefnamiðað þar sem nemendur hafa að einhverju leytí val um verkefni og hvernig þeir miðla þeim.



Námsmat

Námsmat áfanga er með fjölbreyttum hætti og þeim er ætlað að endurspeglar markmið námsins. Í upphafi hverrar annar er nemendum kynntar kennsluáætlunar, námsmarkmið og tilhögun námsmats hvers áfanga. Sumir áfangar eru símatsáfangar sem byggja á verkefnavinnu og ástundun nemenda. Dæmi um símat er verkefni sem byggjast á jafningjamati, sjálfsmati og/eða mati kennarans. Aðrir áfangar eru bæði með símati og skriflegu og/eða munnlegu lokaprófi. Ákvörðun um námsmat er í höndum kennara og viðkomandi fagdeilda.



6 Samskipti og samstarf

Verzlunarskóli Íslands hefur samstarf við ýmsa aðila. Ber þar fyrst að nefna samstarf við foreldra nemenda og erlend samskipti. Einnig hefur skólinn tengingu inn í ýmis fyrirtæki landsins og þá sérstaklega í sambandi við viðskiptatengda áfanga skólans.

Foreldrasamstarf

Við skólann starfar foreldraráð samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda í samstarfi við skólann og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Forráðamenn allra nemenda við skólann eiga rétt á aðild að því. Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Netfang foreldraráðs er: foreldrafelag@verslo.is.

Lög foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands

Heiti og aðsetur:

1. gr. Félagið heitir Foreldraráð Verzlunarskóla Íslands. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir:

2. gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum gæðum skólans og að bæta jafnt almenn og einstaklingsbundin skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og farsæls þroska.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars að:

- vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna
- stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsýrskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra
- vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans
- hvetja til aukins stuðnings, aðhalðs og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra
- koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans

Félagsaðild:

3. gr. Félagar eru allir foreldrar og aðrir forráðamenn nemenda skólans.

Æðsta vald og stjórn félagsins:

4. gr. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal halda árlega ekki seinna en í októbermánuði. Til fundarins skal boðað á heimasíðu skólans og með tölvupósti til foreldra með dagskrá, með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans



boðað. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi félagsins.
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.
- d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og afgreiðsla hans.
- e) Lagabreytingar.
- g) Kosning í stjórn félagsins.
- h) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

5.gr. Stjórn félagsins skipa fimm foreldrar/forráðamenn nemenda sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað hvert ár og tveir hitt árið. Tveir varamenn skulu kosnir hvert ár. Kjörnir fulltrúar skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi. Stjórn félagsins stýrir féluginu í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Stjórnin skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir stjórnar. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður úrslitum.

Fjármál:

6. gr. Tekjur félagsins eru annars vegar styrkir, sem stjórn félagsins er heimilt að taka við frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja félagið og starfsemi þess og önnur fjárlögun. Hins vegar eru tekjurnar valfrjáls félagsgjöld og er upphæð þeirra ákvörðuð á aðalfundi. Reikningstímabil og fjárhagsár félagsins er frá 1. október til 30. september ár hvert.

7. gr. Hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í þágu foreldra og nemenda skólans.

8. gr. Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands.

Lagabreytingar:

9. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn félagsins ekki síðar en 14 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn félagsins hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar og á sama hátt.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands þann 4. mars 2014.

Erlend samskipti

Öflugt starf fer fram í Alþjóðadeild Verzlunarskólangs. Það miðar að því að gera nemendum kleift að taka þátt í samvinnuverkefnum með skólam víðs vegar í heiminum. Flest þessara verkefna eru unnin innan ramma alþjóðlegra menntaáætlana svo sem Erasmus+, Nordplus junior og Etwinning sem jafnframt veita styrki til verkefnanna. Einnig er nokkuð um nemendaskiptaverkefni þar sem nemendur sjálfir standa straum af ferðakostnaði. Öll eru þessi verkefni mikilvæg í því



alþjóðasamfélagi sem við lifum í í dag því þau auka menningarvitund nemenda, hjálpa þeim að skilja og virða ólík samfélög og efla borgaravitund þeirra. Í gegnum þátttöku í erlendum samskiptaverkefnum öðlast nemendur dýpri skilning á þeim áskorunum sem felast í námi og vinnu í heimi hnattvæðingar og skilningur þeirra á menningarlegum gildum þroskast.

Á hverju skólaári eru að jafnaði um 10 erlend verkefni í gangi sem um 150 nemendur taka þátt í. Við skólann starfar verkefnastjóri erlendra samskipta sem heldur utan um verkefni þessu tengd í skólastarfínu.

Atvinnulífið

Verzlunarskóli Íslands hefur ár hvert samstarf við hin ýmsu fyrirtæki í atvinnulífinu. Oftar en ekki eru þessi fyrirtæki tengd verslun og þjónustu og því er það fyrst og fremst áfangar á viðskiptabraut sem tengjast samskiptum af þessum toga.

Í áfanga sem fjallar um stjórnun fyrirtækja velja nemendur sér einn stjórnanda sem þeir heimsækja í viðkomandi fyrirtæki og taka viðtal við hann. Síðan vinna nemendur úr upplýsingum sínum og kynna fyrir samnemendum. Auk þessa er alltaf reynt að fá eina til tvær heimsóknir á önn frá stjórnendum í atvinnulífinu þar sem þeir kynna fyrirtæki sitt og starf.

Í áfanga sem nefnist fyrirtækjasmíðjan stofna nemendur sín eigin fyrirtæki og koma vöru sinni á markað. Hvert nemendendafyrirtæki fær ráðgjafa sem kemur úr hinu raunverulega atvinnulífi.

Ráðgjafinn kemur og heimsækir nemendur í skólann nokkrum sinnum á önn, fylgist með gangi fyrirtækis þeirra og er þeim innan handar í gegnum alla önnina. Auk þess vinna nemendur markaðsrannsókn og í sambandi við þá vinnu kynna þeir sér markaðsrannsóknir sem gerðar hafa verið hjá raunverulegum fyrirtækum á Íslandi.

Nemendur á lokaári á hagfræðibraut hafa farið í heimsókn til Seðlabankans og fengið kynningu á starfsemi hans. Þá hafa nemendur á viðskiptabräut heimsótt viðskiptabankana og önnur fjármálfyrirtæki landsins. Nemendum eru einnig kynntar ársskýrslur fyrirtækja í tengslum við kennslu á helstu kennitölum.

Í áfanga um kauphallarviðskipti hefur verið gott samstarf við Kauphöll Íslands. Bæði hafa nemendur farið í heimsókn í Kauphöllina og þá hafa starfsmenn þaðan komið í heimsókn í skólann með kynningu og fræðslu.



7 Þjónusta og aðstaða Verzlunarskóla Íslands

Húsnaði og aðstaða

Húsnæði Verzlunarskólans er við Ofanleiti 1, 103 Reykjavík. Byggingin er fjórar hæðir og er eldri hluti hússins frá árinu 1986 en sá yngri frá 2003.

Lyfta er á milli hæða. Á neðstu hæð eru tveir fyrilestrarsalir, Rauði salur og Græni salur, sem og þrjár kennslustofur ásamt tveimur íþróttasölum. Annar þeirra er stór salur og hinn minni með góðum líkamsræktartækjum. Á neðstu hæð hafa námsráðgjafar vinnuaðstöðu sína ásamt íslensku kennurum. Einnig hefur nemendafélag skólans aðstöðu fyrir sína vinnu sem og húsvörður skólans.

Á annarri hæð er hátiðarsalur skólans, Blái salur, ásamt Marmaranum sem er aðalsamkomustaður skólans. Innan Marmarans er mötuneyti skólans staðsett þar sem eru borð og stólar fyrir nemendur.

Tvær tölvustofur eru á annarri hæð með 28 tölvum og prentara. Auk þess eru þar 14 almennar kennslustofur. Vaktmaður hefur einnig sína aðstöðu á annarri hæð.



Skrifstofa skólans er á þriðju hæð og fremst eru ritarar skólans staðsettir. Þar fyrir innan hafa skólastjóri, yfirkennari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri og skrifstofustjóri aðsetur. Auk þess er þar mötuneyti starfsfólks, lítið fundarherbergi, setustofa starfsfólks og vinnuaðstaða með tölvum. Einnig eru ensku kennarar með vinnuaðstöðu sína innan skrifstofunnar og þar er líka herbergi með ljósritunarvélum og öðrum tækjum. Á þessari hæð eru tvær tölvustofur, önnur með 28 tölvum og hin með 14 tölvum auk prentara. Þar er líka lesstofa þar sem nemendur hafa aðstöðu til heimanáms. 12 almennar kennslustofur eru á þriðju hæðinni auk fundarherbergis. Kerfisstjóri, kerfisfræðingur, verkefnastjórar erlendra samskipta og skólanámskrár hafa einnig aðsetur á þriðju hæð ásamt stærðfræðikennurum, félagsgreinakennurum, viðskiptagreinakennurum og kennurum í raungreinum og þýsku.

Á fjórðu og efstu hæðinni eru 20 almennar kennslustofur. Bókasafn skólans er þar einnig til húsa og innan þess er aðstaða fyrir nemendur í hópastarfi. Kennarar í dönsku, spænsku og frönsku hafa einnig vinnuaðstöðu sína á þessari hæð.

Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskóla Íslands er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur VÍ og alla þá sem starfa við skólann.

Afgreiðsla safnsins, bókakostur, tímarit, tölvur, les- og vinnuaðstaða ásamt geymslu og hópvinnu-/fundarherbergi er á 4. hæð. Sérútbúin lesstofa og Verið, sem er verkefnastofa með 14 tölvum, er á þriðju hæð.

Bókasafnið og starfsfólk þess býður upp á mjög góða aðstöðu til náms, kennslu og aðstoð við notkun safnsins, bæði hvað varðar upplýsingaþjónustu og heimildaleit. Á safninu er m.a. að finna bækur, dagblöð, tímarit, geisladiska, tölvuforrit, gagnagrunna, rafræn tímarit, hljóðbækur, snældur,

myndbönd, DVD og yfirgripsmikið úrkippusafn. Öllum notendum safnsins býðst frjáls aðgangur að mörgum rafrænum gagnasöfnum og nettengingum.

Bókaval er í höndum bókasafnsfræðinga, stjórnenda skólans, kennara og starfsfólks. Tillögur nemenda eru alltaf vel þegnar.

Nýtt efni er haft til sýnis í ákveðinn tíma; bókalistar eru birtir á heimasíðu safnsins, kennarastofu og á auglýsingatöflu fyrir framan safn. Nýjustu eintök tímarita eru í skáhillum á safninu en eldri árgangar eru í geymslu. Alfræðirit, orðabækur og aðrar handbækur eru við inngang í afgreiðslu.

Vefsíða bókasafnsins er margþætt, en sérstök áhersla er lögð á að veita greiðan aðgang að rafrænu efni. Þar eru tengingar í gagnabanka, rafræn tímarit og bækur, og enn fremur í leitarvefi og margs konar fróðleik notendum til hægðarauka.

Rafræn skrá yfir efni safnsins er öllum aðgengileg á heimasíðu bókasafnsins. Þar er hægt að leita að öllu tölvuskráðu efni á safninu óháð stund og stað.

Allt efni á bókasafni VÍ er tölvuskráð jafnóðum og það berst safninu. Í tölvuskránni eru rúmlega 19.000 bókfræðilegar færslur. Útlánin eru tölvuvædd og því þarf lánþegi að láta starfsfólk skrá lánsefni á sitt nafn. Lánþegar eru ábyrgir fyrir því sem þeir fá að láni. Ekki er unnt að fá bækur án þess að vera skráður í tölvukerfi bókasafnsins, og er útlánstími ein vika nema um annað sé samið.

Nemendabjónusta

Við Verzlunarskólann eru starfandi námsráðgjafar sem eru trúnaðarmenn nemenda og talsmenn þeirra í málum sem upp koma.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur við að tileinka sér skipulögð og markviss vinnubrögð. Í því felst að aðstoða nemendur við að skipuleggja tíma til náms og kenna þeim námstækni sem er þjálfun í ákveðnum vinnubrögðum og jafnvel hugsunarhætti en slíkt vinnulag kemst fljótegla upp í vana.

Námsráðgjafar miðla upplýsingum um námsleiðir og störf til nemenda. Leitast er við að gera nemendum grein fyrir því hvaða möguleikar eru fyrir hendi og aðstoða þá við að velja nám og starf við hæfi. Nemendum býðst að taka áhugasviðskannanir sem geta gefið vísbindingar um hvaða starfssvið hentar hverjum og einum.

Námsráðgjafar eru nemendum innan handar við lausn persónulegra vandamála en þess konar vandamál geta hindrað þá í að ná árangri í námi. Þegar ástæða þykir til er nemendum bent á aðra hjálparaðila sem hægt er að leita til.

Námsráðgjafar eru til viðtals alla virka daga frá kl. 08:30 til 15:00.

Með breyttum sjálfræðisaldri ber skólum að veita foreldrum nemenda, sem eru yngri en 18 ára, upplýsingar um námsframvindu nemenda, mætingar og fleira. Til að mæta þessu er haldinn fundur með foreldrum ólögráða nemenda. Á þessum fundum gefst foreldrum kostur á að hitta stjórnendur skólans og einnig umsjónarkennara nemenda. Ef nemendur mæta illa í skólann, eða stunda að öðru leyti nám sitt illa, er haft samband við foreldra.

Mötuneyti

Mötuneyti nemenda, Matbúð, er staðsett á annarri hæð innan Marmarans. Í Matbúð býðst nemendum að fá hafragraut, sér að kostnaðarlausu, hvern morgun ásamt lýsi. Í Matbúð er eingöngu boðið upp á hollan og næringarríkan mat og drykki á lágmarksverði. Nemendur geta keypt heitan mat í hverju hádegi sem matreiddur er á staðnum. Auk þess er boðið upp á skyr, heilsusamlokur o.fl. Matbúð er rekin af Verzlunarskóla Íslands.



Tölvubúnaður

Þrjár tölvustofur eru í skólanum og eru þær búnar 28 tölvum og prentara. Þær eru fyrst og fremst notaðar í kennslu upplýsinga- og tölvugreina. Að auki eru þrjú töluver með 14 tölvum og prentara en þær eru hugsaðar sem vinnuaðstaða nemenda og kennara. Í hverri kennslustofu er tölva og skjávarpi og í hverju vinnuherbergi eru tölvur og prentarar. Í öllum sölum og fundarherbergjum eru tölvur og skjávarpi og auk þess eru nokkrar tölvur á göngum skólans.

Ætlast er til að nemendur hafi sína eigin tölvu með í skólann og hafa þeir þráðlausa tengingu á Netið nánast hvar sem er í húsnæði skólans. Þeir hafa einnig aðgang að prenturum í öllum tölvustofum og á bókasafni.

Sérstök þjónusta við nemendur

Verzlunarskóli Íslands kappkostar að þjónusta nemendur sína eins vel og kostur er.

Nemendur með sérþarfir

Verzlunarskóli Íslands reynir eftir fremsta megni að koma til móts við nemendur sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda. Má þar nefna lesblinda nemendur og þá sem haldnir eru prófkvíða. Einnig fá nemendur, sem eiga sér annað móðurmál en íslensku, aðstoð við íslensku og einnig íslenskir nemendur, sem búið hafa langdvölum á erlendri grundu. Auk þess er tekið tillit til þeirra fjölmörgu nemenda skólans sem stunda íþróttir og listir á afrekssviði. Hér á eftir eru reglur varðandi frávik frá almennum reglum skólans.

Reglur um lengri próftíma

Reglur þessar varða þá sem þurfa lengri tíma á prófum vegna lesblindu, prófkvíða eða annarra ástæðna.

Lesblindir:

Lesblindir fá lengri tíma á prófum liggi fyrir greining um lesblindu frá viðurkenndum aðilum. Forsenda fyrir því að fá lengri tíma er að nemendur taki áfanga í námstækni. Miðað er við að nemendur fái vottorð um að nota hljóðbækur frá Blindrabókasafninu.

Prófkvíðir:

Þeir sem eru prófkvíðir þurfa að koma með vottorð frá sálfræðingi eða geðlækni ef þeir þurfa sérstaka meðhöndlun vegna prófkvíða. Jafnframt er þess krafist að prófkvíðir reyni að takast á við

vanda sinn. Þeir þurfa að skila inn staðfestingu á því að þeir hafi a.m.k. mætt 5 sinnum til sálfræðings á vetrinum vegna þessa vanda og þurfi á lengri próftíma að halda.

Athugið að greining og vottorð þurfa að hafa borist námsráðgjöfum eigi síðar en tveimur vikum fyrir próf.

Lesblindir og prófkvíðnir skv. þessum skilyrðum fá að vera í sérstofu í lokaprófum og fá lengri próftíma sem nemur 15 mínútum fyrir hverja klukkustund.

Annað.

Þeir sem þurfa lengri tíma af öðrum ástæðum, t.d. vegna meiðsla eða veikinda, geta fengið sams konar tilhliðranir í prófum ef vottorð vegna þess er samþykkt af lækni. Námsráðgjafar hafa umsjón með þessum vottorðum.

Nemendur með erlenden bakgrunn

Nemendur, sem búið hafa lengi erlendis, svo og nemendum með annað móðurmál en íslensku, fá sérstaka aðstoð við íslensku einu sinni í viku eða eftir aðstæðum. Aðstoðin er hugsuð fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku og námi almennt til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Kennari hittir nemendur með reglulegu millibili í smáum hópum eftir þörfum. Áhersla er lögð á lestrarfærni, námstækni og notkun hjálparargagna. Heimanám og verkefnavinna er lögð til grundvallar í náminu.

Nemendur, sem dvalið hafa utan Norðurlanda á grunnskólaaldri, geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál. Það sama á við um þá nemendur sem af einhverri ástæðu hafa fengið undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla. Þeir skulu þó taka two áfanga í öðru tungumáli í staðinn. Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, geta óskað eftir því að fá móðurmál sitt metið sem valáfanga.

Aðstoð í stærðfræði

Öllum fyrsta árs nemum er boðið að sitja þriggja daga námskeið í stærðfræði áður en skólahald hefst að hausti. Á námskeiðinu eru rifjuð upp helstu hæfniatriði stærðfræðinnar sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér í grunnskóla. Stærðfræðikennrar Verzlunarskólans leiðbeina á þessu námskeiði.

Nemendum skólans gefst kostur á aðstoð við heimanám í stærðfræði einu sinni í viku öll skólaárin. Í lok skóladags eru stærðfræðikennrarar í opinni stofu þar sem nemendur skólans geta komið og unnið heimanám sitt og fengið aðstoð.

Nemendur utan af landi

Fljótlega eftir að skólahald hefst að hausti eru fyrsta árs nemendur utan af landi kallaðir saman af náms- og starfsráðgjöfum. Nemendur kynna sig innan hópsins, borða saman og eiga góða stund með náms- og starfsráðgjöfum. Oft eru eldri nemendur, sem einnig eru utan af landi, kallaðir til og þeir halda síðan utan um hópinn. Markmið þessa starfs er að koma til móts við unga nemendur sem eru oft að heiman í fyrsta sinn án fjölskyldu. Með þessu kynnast þeir öðrum nemendum sem eru í sömu sporum og eignast jafnvælinn innan hópsins.

Afreksfólk í íþróttum og listum

Komið er til móts við afreksfólk í íþróttum og listum þannig að fjarvera þess á námstíma vegna keppnis- og/eða æfingaferða reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn þeirra. Það sama á við ef um fjarveru á prófatíma á vegum landsliðaferða eða listaviðburðar er að ræða. Fjarvera afreksmanna og

afrekskvenna á námstíma eða prófatíma útilokar ekki að þau gangist undir námsmat í lok annar. Leitast er við að gefa nemendum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum eftir því sem við verður komið. Til að nemandi hafi möguleika á þessari tilhliðrun skal staðfesting frá viðkomandi sérsambandi liggja fyrir. Þegar staðfesting og áætlun yfir fjarveru nemanda hefur borist skólanum er gerður sérstakur samningur við nemandann um þær undanþágur sem viðkomandi nemandi þarf á að halda.

Mat á námi

Nemandi, sem stundað hefur nám í öðrum framhaldsskóla sem starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, getur fengið áfanga, sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri, metinn til eininga á sama hæfniprepí í Verzlunarskóla Íslands. Forsenda þess er að námið falli að námskrá og námsbrautarlýsingum skólans. Á sama

hátt getur nemandi, sem skiptir um námsbraut innan Verzlunarskólans, fengið það nám, sem hann hefur lokið með fullnægjandi hætti, metið. Það kemur fram á stúdentsskírteini viðkomandi nemanda ef áfangar eru metnir úr öðrum skólum.



Mat á listnámi

Nemandi, sem stundað hefur formlegt listnám, getur sótt um að fá það metið.

Vottorð í íþróttum

Nemendum, sem af einhverjum ástæðum er ókleift að stunda leikfimi eða íþróttir, ber að leggja fram fullgilt læknisvottorð við upphaf hvers námsárs. Þeim nemendum er skilt að vinna ákveðin verkefni og/eða ritgerðir undir handleiðslu íþróttakennara og/eða bókasafnsfræðings.

Sjóðir og styrkir á vegum Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskólinn hefur ýmsa sjóði í sinni vörlu sem nemendur geta sótt í eða skólinn úthlutað úr í samræmi við skipulagsskrá þeirra. Flestir sjóðanna eru gamilar og er úthlutað úr þeim við afhendingu verslunarprófsskírteina og brautskráningu stúdenta. Síðan eru sjóðir sem nemendur geta sótt í eins og t.d. Nemendasjóður, Námsbókasjóður og VÍ 100 eða Aldarafmælissjóður eins og hann er oft kallaður.

Námsbókasjóður

Námsbókasjóður Verzlunarskóla Íslands var stofnaður árið 2010 af fyrrverandi nemendum skólans, þeim heiðurshjónum Bentu og Valgarði Briem, en þau gáfu eina milljón í sjóðinn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur skólans sem lítið fé hafa milli handanna til námsbókakaupa. Nemendum er bent á að hafa samband við Kristínu Huld Gunnlaugsdóttur námsráðgjafa varðandi frekari upplýsingar.

Nemendasjóður

Nemendasjóður Verzlunarskóla Íslands var stofnaður árið 1908. Í skipulagsskrá fyrir sjóðinn stendur m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá nemendur Verzlunarskóla Íslands, sem af einhverjum ástæðum skortir fé til þess að halda áfram námi við skólann.“ Nemendum geta sótt um niðurfellingu

skólagjalda að hluta eða öllu leyti. Nemendum er bent á að hafa samband við Kristínu Huld Gunnlaugsdóttur námsráðgjafa varðandi frekari upplýsingar.

VÍ 100 – Aldarafmælissjóður

Sjóðurinn VÍ 100 var stofnaður árið 2005 af fyrrverandi nemendum skólans í tilefni af 100 ára afmæli Verzlunarskólans.

Stofnframlag í sjóðinn voru 50.000.000 króna. Í skipulagsskrá fyrir sjóðinn segir m.a. að árlega skuli sjóðurinn styrkja valda nemendur skólans með fjárfram lagi, þegar þeir flytjast milli bekkja eða þegar þeir ljúka stúdentsprófi. Skal við það miðað að styrkþegar hafi sýnt afburðanámsrárangur eða lagt verulega af mörkum til skólastarfsins með þáttöku í félagslífi o.p.h. Við sérstakar aðstæður geta nemendur einnig sótt um styrk í sjóðinn og skal þá hafa samband við skólastjóra.



8 Skólareglur

Almennar reglur

- Starfsmenn og nemendur skulu virða markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta þess í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans. Gagnkvæm virðing skal ríkja milli starfsmanna og nemenda.
- Sýna ber háttvísí og prúðmennsku í skólanum og alls staðar þar sem komið er fram í nafni hans.
- Ósæmileg hegðun nemanda gagnvart kennurum og öðru starfsfólk skólans, skólafélögum eða öðrum, innan skóla sem utan, getur varðað brottvísun úr skóla.
- Almennt gildir sú regla að foreldrum eða forráðamönnum ólögráða nemenda skal gert viðvart svo að þeir geti nýtt sér andmælarétt sinn ef um brottvísun er að ræða. Þó getur til þess komið að vísa þurfi nemanda úr skóla fyrirvaralaust.

Umgengni

- Nemendur skulu ganga snyrtilega um skólann og lóð hans og stuðla að því að kennslustofur og aðrar vistarverur séu ávallt snyrtilegar. Enginn má skilja eftir sig rusl, hvorki innan dyra né utan.
- Neysla á mat og sælgæti skal fara fram í mótneyti nemenda (Matbúð) eða á Marmaranum. Heimilt er þó að neyta þess nestis sem komið er með að heiman í kennslustofu í frímínútum ef fullkomins hreinlætis er gætt. Bannað er að neyta matar á meðan kennsla fer fram.
- Í kennslustundum skulu nemendur vera vakandi, virða verkstjórn kennara og gæta þess að valda ekki ónæði. Notkun farsíma og annarra tækja, sem valdið geta truflun að mati kennara, er óheimil.
- Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði. Síendurtekin brot skal tilkynna skólayfirvöldum.
- Nemendur sem vitandi vits vinna tjón á eigum skólans geta þurft að bæta fyrir skemmdir sem þeir hafa valdið.
- Í tölvustofum, sérgreinastofum og á bókasafni gilda umgengnisreglur sem birtar eru þar.

Skólasókn

- Nemendur skulu mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
- Tilkynna ber veikindi og önnur óhjákvæmileg forföll á skrifstofu skólans, í síma 5 900 600, fyrir kl. 9:30 að morgni alla veikindadaga.
- Foreldrar og forráðamenn ólögráða nemenda geta tilkynnt veikindi nemenda í INNU og skal það gert fyrir kl. 9.30 alla veikindadaga. Foreldrar og forráðamenn lögráða nemenda, hafa einnig þann möguleika hafi nemandi veitt þeim tilskilinn aðgang að INNU.
- Ef nemandi er veikur í þrjá daga eða lengur ber honum að skila læknisvottorði. Alvarleg veikindi þarf aðeins að tilkynna í upphafi, enda skili nemandi læknisvottorði strax og skólasókn hefst að nýju.
- Nemendur skulu sinna öllum persónulegum erindum sínum utan skólatíma. Þurfi nemendur að leita læknis eða tannlæknis á skólatíma skulu þeir áður tilkynna það á skrifstofu skólans og skila vottorði næsta dag. Reiknast fjarvist þá sem leyfi. Að öðru leyti eru leyfi ekki gefin. Undanþágur frá þessu veita námsráðgjafar og skólastjórnendur.

- Ef nemandi mætir ekki í próf skal hann ávallt skila læknisvottorði. Nemandi sem skilar ekki læknisvottorði fær núll í viðkomandi prófi. Gildir það bæði um lokapróf og próf eða verkefnaskil á kennslutíma.
- Ef veikindi nemenda eru tíð, er þeim gert að mæta í læknisskoðun.
- Skólastjóri getur vikið nemendum úr skóla í lengri eða skemmri tíma virði þeir ekki reglur skólans.

Skólasóknareinkunn

Nemandi sem hefur 90 –100% mætingu getur fengið eina einingu fyrir mætingu fyrir hvert skólaár. Þessar einingar, sem að hámarki geta orðið þrjár, eru þá umfram hinan hefðbundnu 140 einingar/207 feiningar sem þarf til stúdentsprófs af bóknámsbraut.

Nemandi, sem mætir ekki í tíma eða kemur of seint, fær frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

- **of seint** 1/4 kennslustund
- **leyfi** 0,5 kennslustund*
- **veikindi** 0,5 kennslustund (ef nemandi er veikur lengur en two daga þarf hann að skila vottorði, eftir það dragast fjarvistir ekki frá)
- **skróp** 1 kennslustund

* Afreksíþróttafolk getur sótt um til skólastjórnenda, að fá fjarvistir felldar niður ef um keppnis- eða æfingaferðir landsliða er að ræða. Nemendur þurfa þá að skila inn beiðni frá þjálfara/félagi. (Afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingslandslið eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem valinn hefur verið til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagrein.)

Kennari skal taka manntal í hverri kennslustund. Nemandi, sem ekki er mættur þegar manntal er tekið, fær seint. Ef kennari er ekki mættur þegar 5 mínútur eru liðnar af kennslustund skulu nemendur hafa samband við skrifstofu skólans og athuga hverju þessi fjarvera sætir. Ef nemendur vilja gera athugasemdir við fjarvistaskráningu þá verða þeir að koma athugasemdum til umsjónarkennara eða viðkomandi kennara innan tveggja vikna.

Skólasókn, að frádregnum veikindum og leyfum skal vera 87% hið minnsta. Að öðrum kosti eiga nemendur ekki vísa skólavist á næsta skólaári. Sé skólasókn undir 87% í lok skólaárs getur skólinn ákveðið að bjóða nemendum skólasóknarsamning á næsta skólaári með skilyrðum um betri skólasókn en almennar reglur segja til um. Sé skólasókn ábótavant er veitt skrifleg áminning. Skólasóknareinkunn og fjarvistarprósenta reiknast eins og sýnt er í töflunni hér að neðan:

Fjarvistarprósenta	Skólasóknareinkunn
97,5 - 100%	10 ein eining
95,5-97,4%	9 ein eining
93,5-95,4%	8
90,5-93,4%	7
88,5-90,4%	6
86,5-88,4%	5
84,5-86,4%	4
81,5-84,4%	3
79,5-81,4%	2
<79,4%	1

Ef um langvarandi veikindi eða fjarvistir, sem skólastjóri hefur samþykkt er að ræða, getur nemandi óskað eftir því að sérstakt tillit verði tekið til þess í skólasóknareinkunn hans.

Námsmat, próf og verkefni

- Til þess að standast áfanga þarf nemandinn að ná lokaeinkunn 5,0 eða hærra í hverjum námsáfanga. Lokaeinkunn í áfanga byggist ýmist á lokaprófi ásamt vinnueinkunn í áfanganum eða símati sem er án lokaprófs. Vægi hvers matsþáttar er breytilegt milli einstakra áfanga og skal vægið tilgreint í námsáætlun. Þar kemur einnig fram ef nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að vinnueinkunn gildi. Lokapróf eru haldin í lok annar, þ.e. í desember og á vorin.
- Ef um símatsáfanga er að ræða skal í kennsluáætlun þess getið hvernig námsmati er háttað. Ef nemandi stenst ekki kröfur áfangans í gegnum símatsþættina er það ákvörðun einstaka deilda hvernig endurtekt skal háttað. Fyrirkomulag endurtekta skal koma fram í kennsluáætlun viðkomandi áfanga.
- Nemendur sem falla á haustönn eða vorönn eiga rétt á endurtekningaprófi og eru slík próf haldin í janúar fyrir haustönnina og í júní þegar um vorönn er að ræða. (Nemendur geta ráðið því hvort þeir taka endurtektaþrófin eða ekki. Hins vegar er hér um „tækifæri“ númer tvö hjá nemandanum að ræða hvort sem hann tekur prófið eða ekki). Þeir sem falla aftur geta þá tekið áfangann í þriðja sinn í fjarnámi skólans og eru próf haldin í maí eða ágúst eftir því hvenær áfanginn var tekinn í dagskóla. Nemendur sem endurtaka áfanga í fjarnámi verða sjálfir að skrá sig í áfangann á heimasíðu skólans. Þegar um símatsáfanga er að ræða geta aðrar reglur gilt og þeirra ber að geta í námsáætlun viðkomandi áfanga.
- Ef meðaltal einkunnar nemenda, sem hófu nám við skólann fyrir haustið 2015, í haustannaráfanga og einkunnar í vorannaráfanga er 5,0 eða hærra þá telst nemandinn hafa lokið báðum áföngum, þ.e. þegar um framhaldsáfanga á vorönn er að ræða. Fái nemandinn 4,0 á haustönn þá þarf hann 6,0 á vorönn (þetta gildir ekki öfugt). Ef meðaltalið er hins vegar undir 5,0 þá verður nemandinn að endurtaka þá/þann áfanga þar sem einkunn er undir 5,0. Þessi regla gildir ekki um nemendur sem hófu nám við skólann haustið 2015 eða síðar.
- Nemandi má að hámarki endurtaka þrjá áfanga. Falli hann í fleirum en þremur áföngum þá telst hann fallinn á árinu. Ef nemandi fellur þrisvar í sama áfanga telst hann endanlega fallinn. Nemendur, sem falla í bekk, geta sótt til skólastjóra um að fá að setjast aftur í sama bekk. Þeir eiga þá rétt á að fá metna þá áfanga þar sem einkunn er 7,0 eða hærri. Þetta á þó ekki við um íþróttir.
- Nemandi getur útskrifast sem stúdent með lægri einkunn en 5,0 í einum eða tveimur áföngum, en þó má einkunn í þeim ekki vera lægri en 2,0. Þetta gildir bara um lokaáfanga eða staka áfanga og nemandinn fær ekki einingar fyrir viðkomandi áfanga. Einingafjöldinn til stúdentsprófs má þó aldrei verða minni en 140 einingar/207 feiningar.
- Til að færast milli bekkja þarf nemandi að ná að minnsta kosti 5,0 í öllum áföngum. Hins vegar má nemandi hafa undir 5,0, en þó ekki undir 2,0, ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Nemandi fær ekki einingar fyrir þá áfanga þar sem einkunn er lægri en 5,0 og verður að eiga aukaeiningar á móti til að ná 140 eininga/207 feininga lágmarki til stúdentsprófs.



- Aðaleinkunn reiknast á verslunarprófi og stúdentsprófi. Á verslunarprófi reiknast aðaleinkunn sem vegið meðaltal einkunna í öllum námsföngum fyrstu 70 eininga/98 feininga. Á stúdentsprófi reiknast aðaleinkunn sem vegið meðaltal allra námsáfanga sem nemandinn hefur tekið og staðist.
- Til að fá verslunarpróf verða nemendur að ná 5,0 eða hærra í aðaleinkunn og sama gildir um stúdentspróf.
- Skólastjóri getur veitt undanþágu frá einstökum reglum ef veigamiklar röksemdir eru fyrir hendi.

Prófreglur

- Nemendum er skylt að hafa meðferðis að prófborði öll nauðsynleg ritföng og leyfileg hjálparöggn, en skólinn leggur þeim til pappír. Óheimilt er að taka yfirhafnir, töskur, poka eða pappír inn að prófborði. Þó skal heimilt að hafa meðferðis nesti í gegnsæjum umbúðum.
- Nemendum er skylt að vera um kyrrt í sætum sínum fyrstu 40 mínútur próftímans.
- Þurfi nemandi að fara frá prófborði að 40 mínútum liðnum og áður en prófi er lokið, skal það því aðeins heimilt að prófvörður sé til staðar að fylgja honum.
- Að 40 mínútum liðnum gengur kennari/prófvörður, í því fagi sem prófað er í, á milli stofa og svarar spurningum nemenda. Prófvörðum er óheimilt að svara spurningum einstakra nemenda á annan hátt en í heyranda hljóði og skal spurningin og svarið endurtekið í öllum stofum sem prófað er í. Kennrarar koma einungis einu sinni í hverja stofu.
- Prófverðir skulu sinna prófvörslu í samræmi við fyrirmæli skólastjóra og er þeim óheimilt að lesa eða sinna öðru en vörslu meðan á yfirsetu stendur.
- Verði nemandi uppvís að alvarlegu misferli í prófi, skal prófvörður taka prófgögn hans í sína vörslu og vísa nemanda frá prófi. Minniháttar brot nægir að tilkynna prófstjóra.
- GSM-símar eru stranglega bannaðir að prófborði. Að öðru leyti er tilgreint sérstaklega hvaða hjálpartæki nemendur mega hafa með sér.

Reglur um notkun skólanets Verzlunarskóla Íslands

- Tölvubúnaður skólans er eign hans og ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annarra þátta er samræmast markmiðum skólans. Nemendur, sem eru að vinna verkefni vegna náms, hafa forgang að tölvum skólans.
- Handhafi notandanafns er ábyrgur fyrir allri notkun þess. Aðeins einn nemandi hefur heimild til að nýta hvert notandanafn. Óheimilt er að lána öðrum notandanafn sitt og óheimilt er að reyna að tengjast tölvubúnaði skólans með öðru notandanafni en því sem nemandi hefur fengið úthlutað.
- Óheimilt er að nota aðgang að neti skólans til þess að reyna að komast ólöglega inn á net eða tölvur í eigu annarra og einnig er óheimilt að sækja, senda, geyma eða nota á neti skólans forrit sem hægt er að nota til innbrota eða annarra skemmdarverka.
- Óheimilt er að reyna að komast yfir gögn í eigu annarra notenda nema leyfi þeirra sé fyrir hendi og almennt er óheimilt að afrita hugbúnað eða gögn í eigu annarra án leyfis eiganda. Um allan hugbúnað gilda ákvæði höfundarréttarlag og því er meginreglan sú að óheimilt er að afrita hugbúnað nema það sé tekið fram í notendaleyfi.
- Óheimilt er að villa á sér heimildir í samskiptum á Netinu, svo sem með því að koma fram undir fölsku nafni í tölvupósti. Óheimilt er að senda keðjurbréf og annan ruslpóst. Óheimilt er að setja óþarfaforrit- eða gögn inn á gagnasvæði eða diska sem notendur hafa aðgang að.

- Óheimilt er að reyna að breyta eða hafa áhrif á notkunarmöguleika annarra notenda. Óheimilt að gera breytingar eða hafa áhrif á uppsetningar eða skjáborð tölву, svo sem með því að fjarlægja eða breyta kerfisskrám, breyta bakgrunni, táknumyndum eða skjáhvíld sé það hægt.
- Skólinn áskilur sér rétt til að meðhöndla gögn og notandanúmer eftir því sem þurfa þykir svo sem að fara yfir, skoða og eyða efni á gagnasvæðum.
- Meðferð hvers konar matvæla eða drykkja er bönnuð í tölvuverum skólans. Nemendur skulu ganga vel um allan tölvubúnað og taka til eftir sig í tölvustofum eins og í öðrum stofum.
- Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu skólans (www.verslo.is) og í reglum þeim sem gilda í tölvutímum. Eru þær hluti af skólareglum og ber nemendum að fara eftir þeim í hvívetna.



Reglur um notkun vímuefna

- Notkun tóbaks (reyktóbak, neftóbak og munntóbak) er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans og á líð hans.
- Stranglega er bannað að hafa um hönd áfengi og önnur vímuefni eða vera undir áhrifum þeirra í húsnæði skólans og á líð hans.
- Neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð á öllum samkomum og ferðalögum sem eiga sér stað í nafni skólans.

Útgáfumál nemenda

- Um útgáfustarfsemi nemenda gilda almennar skólareglur (sjá grein 8.1 um almennar reglur). Skólayfirvöld ætlast til að þar ráði heilbrigður metnaður ferðinni, framsetning efnis sé á góðu máli, myndefni sé valið af smekkvísi og fjallað sé um tímabær málefni.
- Nemendur (ritstjórar, ritnefndir, greinahöfundar og aðrir hliðstæðir aðilar sem koma að gerð og birtingu efnis innan skólans) bera ábyrgð á útgáfustarfsemi sem þeir standa fyrir. Við alla fjölniðlun, t.d. útvartsstarfsemi og miðlun myndefnis, sem og á vefsíðum nemenda og nemendafélaga sem falla undir vefsavæði skólans, skal gæta velsæmis og almennrar háttvísí í gerð og framsetningu efnis og allri umfjöllun.
- Óviðurkvæmilegt eða ærumeiðandi orðalag í útgáfuefni nemenda, í hvers kyns fjölniðlun þeirra, sem og á vefsíðum tengdum skólanum, getur varðað brottrekstri úr skóla.

Meðferð ágreiningsmála

- Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skólans. Miðað er við að umsjónarkennrarar og námsráðgjafi séu hafðir með í ráðum við meðferð ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra.

- Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna skólans og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu má vísa því til skólastjóra. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólastjóra má vísa málinu til skólanefndar.
- Telji nemandi, eða forráðamenn hans, sé nemandi yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. þessar skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun, skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, deildarstjóra, umsjónarkennara eða skólastjórнnenda og námsráðgjafa. Takist ekki að leysa málið tekur skólastjóri það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.
- Brjóti nemandi skólareglur er honum veitt skrifleg viðvörun áður en til áminningar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Fái nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur:
 - tilefni áminningar og þau viðbrögð, sem fylgja í kjölfarið, brjóti nemandi aftur af sér,
 - að nemandanum sé gefinn kostur á að andmæla áminningu.
- Brjóti ólögráða nemandi reglur skólans eru foreldrar/forráðamenn látnir vita um það. Við meðferð málá skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalaga nr. 50/1996.
- Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti.

Viðurlög vegna brota á skólareglum

- Nemendum ber að kynna sér skólareglur. Þeir fá ekki skotið sér undan brotum á skólareglum með skírskotun til vanþekkingar á þeim.
- Skólastjórn fjallar um öll alvarleg brot á skólareglum.
- Í samráði við skólastjórn ákveður skólastjóri hvaða viðurlögum skuli beitt vegna alvarlegra brota á skólareglum.
- Viðurlög við broti á skólareglum geta verið eftirfarandi, eftir því hve skólayfirvöld telja brotið alvarlegt: Viðvörun kennara eða umsjónarkennara, áminning skólastjóra, brottrekstur, tímabundinn eða endanlegur.



9 Stefjur og áætlanir Verzlunarskóla Íslands

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna skólans á rætur í markmiðum og þeim gildum sem skólinn hefur að leiðarljósi. Verzlunarskóli Íslands lítur svo á að hæft og traust starfsfólk sé forsenda þess að skólastarfið skili árangri. Því er kostað kapps um að ráða úrvalsfólk til allra starfa og skapa því góð starfsskilyrði til þess að framfylgja einkunnarorðum og gildum skólans. Meginþættir í starfsmannastefnu eru þessir:

- Að taka með markvissum hætti á móti nýliðum og styðja þá í starfi
- Að bjóða upp á sveigjanleika í vinnutíma eftir því sem eðli hvers starfs gefur tilefni til. Hvað varðar kennara þá er fjarnám lykill að því máli
- Að bjóða upp á endurmenntun í samræmi við námsframboð skólans hverju sinni og reyna að koma til móts við óskir starfsmanna um endurmenntun
- Að huga sífellt að möguleikum til starfsþróunar
- Að upplýsingastreymi sé jafnt og þétt þannig að starfsmenn fylgist glögglega með framvindu mála í skólanum
- Að jafnrétti sé sjálfsögð og eðlileg krafa, ekki bara milli kynja heldur einnig í jafnvægi milli vinnu og einkalífs og annarra þátta sem kunna að valda mismunun á vinnustað
- Að tryggja sem best hagsmuni starfsmanna við starfslok

Starfsmannastefna skólans er í sífelldri endurskoðun. *Síðast endurskoðað í ágúst 2012.*

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskólinn hefur markað sér stefnu í jafnréttismálum bæði fyrir starfsfólk sitt svo og nemendur eins og kemur hér fram á eftir.

Starfsfólk

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands miðar meðal annars að því að auka almenna starfsánægju og bæta starfsanda. Hún er unnin í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Tilgangur jafnréttisáætlunar er að tryggja fyllsta jafnrétti milli kvenna og karla á vinnustaðnum með það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað. Einnig skal tryggt að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum. Í jafnréttisáætlun þessari skal tryggt að starfsmönnum sé ekki mismunað vegna kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs og stöðu að öðru leyti.

Launajafnrétti

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Árleg greining á launum og fríðindum starfsmanna ásamt tölfraðilegri samantekt. Leiðrétta laun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram.	Skólastjórn og fjármálastjóri.	Athugað árlega.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn skulu hafa jafna möguleika á starfi við skólann.	Við ráðningu skal litið fyrst til hæfni umsækjanda en leitast skal við að viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í deildum.	Skólastjórn og deildarstjórar.	Athugað árlega.
Gæta skal þess að yfirvinna standi báðum kynjum til boða.		Skólastjórn og deildarstjórar	Athugað árlega.
Endur- og símenntun skal vera opin báðum kynjum og óháð aldri.	Við úrvinnslu umsókna skal fyrst og fremst líta til þess hvað nýtist stofnuninni sem best.	Skólastjórn og skólanefnd.	Athugað árlega.
Leitast skal við að jafna kynjahlutföll í þeim deildum þar sem hallar á annað kynið.	Litið skal til kynjahlutfalla í deildum og starfshópum þegar ráðið er til starfa.	Skólastjórn og deildarstjórar.	Athugað árlega.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Starfsfólk af báðum kynjum skal gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Ekki skal líta á það sem mismunun að tekið er tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólk Verzlunarskólans skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu, meðal annars með sveigjanlegum viðverutíma í skólanum.	Skipulag stundatöflu skólans hefur að hluta gert þennan sveigjanleika mögulegan og mikilvægt er að svo verði áfram.	Skólastjórnendur í samráði við viðkomandi starfsmann.	Athugað í upphafi hverrar annar.
Tími til undirbúningsvinnu sé sveigjanlegur.	Að ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stund og stað.	Kennarar.	Endurskoðað árlega.
Að karlar og konur þekki og nýti sér réttinn til fæðingarorlofs, enn fremur til styrkja og leyfa vegna veikinda barna.	Upplýsingar um réttindi starfsfólks séu aðgengilegar og skýrar.	Skólastjórn og trúnaðarmenn.	Athugað í upphafi skólaárs og kynnt nýjum starfsmönnum.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri eða kynbundinni áreitni.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verði líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur áhrif á sjálfsvirðingu viðkomandi persónu.

Telji starfsfólk sig verða fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni má t.d. leita til trúnaðarmana eða jafnréttisfulltrúa.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrir fram ákveðin viðbrögð nauðsynleg.	Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk ásamt því að koma á vinnureglum um hvernig skuli bregðast við ef slíkt kemur upp.	Námsráðgjafar/jafnréttisfulltrúar.	Kynning í september á hvert ásamt því að vinnureglur skulu vera til lok árs.

Nemendur

Jafnréttisfræðsla nemenda

Nemendur skulu fá fræðslu um jafnrétti kynjanna. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi.

Á hverju skólaári fá þeir sem eru í forsvari fyrir nemendafélagið og gefa út efni til opinberrar birtingar leiðsögn um jafnrétti og mikilvægi þess að jafnréttis sé gætt í hvívetna. Einnig skal halda málþing/fyrirlestur/pemadag/ á hverju skólaári þar sem jafnrétti er til umfjöllunar.



Jafnréttisnefnd, fulltrúar nemenda og skólastjóri bera ábyrgð á að koma þessu á laggirnar.

Jafnrétti til félagsmála

Mikilvægt er að nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans. Félagslífsfulltrúar aðstoða stjórn nemendafélagsins við að ná því markmiði.

Forsvarsmenn nemenda skulu taka saman tillögur til að halda hlut kynja jöfnum í nefndum og ráðum.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í Verzlunarskólanum skal hann leita til námsráðgjafa eða félagslífsfulltrúa sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

Eftirfylgni

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands á að vera í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun. Jafnréttisáætlunina ber að endurskoða samhliða starfsmannastefnu á þriggja ára fresti.

Forvarnir

Forvarnastarf er vaxandi þáttur í starfi Verzlunarskólans og vill skólinn með starfinu stuðla að lífsháttum sem styrkja stöðu nemenda í námi og starfi. Markvisst forvarnastarf er í mótn og unnið að því að auka forvarnatengt efni í kennslugreinum skólans. Áhersla er lögð á öflugt vímuefnalaust félagslíf sem er mikilvægur þáttur í forvörnum.

Stefna og framkvæmd forvara

Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að nemendur skólans taki ábyrga afstöðu til velferðar sinnar og tileinki sér lífsstíl sem bætir sjálfsmynd þeirra og lífsleikni. Skólinn vill stuðla að lífsháttum sem styrkja stöðu nemenda í námi og starfi.

Markmið skólans er:

- að vinna að viðhorfsbreytingu sem hvetur til vímulauss lífernис,
- að fá nemendur til að taka gagnrýna afstöðu til ávana- og fíkniefna og vinna gegn hvers kyns sjálfseyðandi hegðun.

Allir starfsmenn og nemendur skólans koma að framkvæmd forvarnastefnunnar og þurfa að hafa hugfast að þeir eru andlit skólans og fyrirmund annarra.

Framkvæmd

- Skólinn stendur fyrir ýmiss konar fræðslustarfsemi á sviði forvara fyrir nemendur, foreldra þeirra og starfsmenn skólans.
- Sérstakur forvarnafulltrúi annast skipulagningu forvarnastarfs skólans í samvinnu við forvarnaráð og skólayfirvöld.
- Innan skólans skal vera forvarnaráð (skólastjórnandi, forvarnafulltrúi, námsráðgjafi, kennari, nemandi) sem funda skal reglulega og kalla má saman þegar þörf þykir. Ráðið skal fjalla um og endurskoða stefnu skólans a.m.k. einu sinni á ári.
- Nemendum og foreldrum þeirra skal gera ljósá og sýnilega þá ráðgjöf og aðstoð sem þeir geta fengið innan veggja skólans.
- Stuðla á að viðburðum á vegum skólans sem einkennast af heilbrigðum lífsháttum og leitað leiða til að breyta yfirbragði skemmtana sem einkennst hafa af óæskilegri neyslu.
- Skýrar reglur gilda um umgengni og meðferð nemenda varðandi ávana- og fíkniefni og sömuleiðis gilda skýr viðurlög ef reglur eru brotnar.

Reglur

- Reykingar eru óheimilar innan veggja skólans og á lóð hans. Það sama á við um tóbaksnotkun af öðru tagi.
- Reykingar eru litnar alvarlegum augum og ber að tilkynna þær skólayfirvöldum tafarlaust. Á sama hátt skal tilkynna skólayfirvöldum um þann sem verður uppvís að munntóbaksnotkun. Endurtekin brot á banni við tóbaksnotkun varða brottrekstri úr skóla.
- Neysla áfengis eða annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsnaði og á lóð skólans.

- Sá sem verður uppvís að neyslu vímuefna innan skólans skal leita sér aðstoðar sérfræðinga eða víkja úr skóla. Endurtekin brot varða brottrekstri úr skóla.
- Nemendum ber að sýna góða hegðun þar sem þeir koma fram í nafni skólans. Ósæmileg hegðun, svo sem ölvun, t.d. á ferðalögum eða skemmtunum getur varðað brottvísun úr skóla og ber skólayfirvöldum að fjalla um öll slík mál.
- Alvarleg brot, svo sem sala eða milliganga um sölu áfengis, sölu eða dreifingu ólöglegra fíkniefna, er umsvifalaust vísað til löggreglu. Skólayfirvöld ákveða hvort nemanda er vísað úr skóla meðan rannsókn fer fram eða að fullu.

Íhlutun



- Brot á reglum skólans kalla skilyrðislaust á að viðurlögum sé framfylgt.
- Ef nemandi skólans á í vímuefnavanda er það siðferðisleg skylda annarra nemenda, kennara og skólayfirvalda að veita aðstoð. Hver einstaklingur sem hefur vitnesku eða rökstuddan grun um hvers konar meðhöndlun ólöglegra fíkniefna eða veit af nemanda sem á í vanda skal láta forvarnafulltrúa eða annan trúnaðarmann vita svo hægt sé að koma viðkomandi einstaklingi til aðstoðar.
- Til forvarnafulltrúa má leita í trúnaði með hvers kyns mál sem tengjast tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum. Námsráðgjafar eru nemendum einnig til aðstoðar við lausn persónulegra vandamála sem hindra þá í að ná árangri í námi. Allir nemendur hafa að auki umsjónarkennara sem fylgjast með ástundun þeirra.
- Versnandi árangur í námi og miklar fjarvistir geta verið vísbendingar um vímuefnavanda nemenda. Ölvun og neysla annarra fíkniefna á skemmtunum á vegum skólans eru hættumerki sem fylgjast ber með.

Skólinn leggur áherslu á að beita áhrifum sínum og möguleikum til þess að aðstoða nemendur í vanda, eins snemma og auðið er. Komi í ljós að neysla er komin á alvarlegt stig og hún talin trufla námsframvindu nemandans skulu foreldrar nemandans kallaðir til ásamt nemandanum. Áhersla er lögð á að virkja foreldra til samstarfs um aðstoð við nemandann.

Endurskoðun og samþykkt

Stefna Verzlunarskóla Íslands í forvrnum skal lögð eftir umræðu í forvarnaráði fyrir skólastjóra og skólanefnd til samþykktar. Forvarnaráð, kennarafundur, skólanefnd og stjórn nemendafélagsins skal fjalla skal um og endurskoða stefnu skólans eftir þörfum.

Eineltisáætlun Verzlunarskóla Íslands

Í Verzlunarskólanum er í gildi eineltisáætlun bæði fyrir nemendur skólans og starfsmenn hans.

Nemendur

Stefna skólans:

Einelti er ekki liðið við Verzlunarskóla Íslands. Komi upp grunur um einelti innan skólans er tekið á þeim málum og þau sett í ákveðið ferli (sjá viðbragðsáætlun).

Markmið eineltisáætlunar:

- að til sé skilvirkt ferli sem fylgt er þegar upp koma ábendingar um hugsanlegt eða staðfest einelti
- að ferli eineltismála sé öllum þeim sem að skolasamféluginu koma ljóst og upplýsingar um það séu aðgengilegar
- að vera forvarnaráætlun
- að stuðla að jákvæðum samskiptum

Skilgreining á einelti:

Einelti er endurtekið, neikvætt, meðvitað eða ómeðvitað atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi. Ójafnvægi er milli geranda og þolanda sem upplifir sig vanmáttugan. Mikilvægt er að hafa að allir geta orðið fyrir einelti.

Birtingarmyndir eineltis:

Í framhaldsskólum á einelti sér stað líkt og á öðrum stöðum í samféluginu og eru birtingarmyndir þess líkari því sem gerist á vinnustöðum en í grunnskóla. Birtingarmyndir í framhaldsskólum eru aðallega af andlegum og félagslegum toga. Rafrænt einelti hefur einnig aukist með breyttu samskiptaformi og getur oft verið mjög dulið.

Dæmi um birtingarmyndir eineltis:

- Andlegt einelti getur t.d. verið niðrandi athugasemdir, hótanir, stríðni og uppnefni, munneleg og/eða skrifleg. Einnig getur verið um líkamstjáningu að ræða, svo sem augngotur, andlitsgrettur o.s.frv.
- Félagslegt einelti: þ.e. ráðist að félagatengslum og orðspori viðkomandi gagnvart öðrum t.d. með baktali, rógi og lygum sem er dreift um einstaklinga, útilokun, hunsun eða höfnun frá félagahópi
- Rafrænt einelti, t.d. sms, blogg, msn eða myndbirtingar
- Kynferðisleg áreitni, t.d. líkamleg, orðabundin eða táknræn athugasemd eða spurningar um kynferðisleg málefni
- Beint líkamlegt ofbeldi og skemmdir á eigum, t.d. slá, sparka, hrinda, skemmdir á eigum, s.s. fatnaði

Sálrænar afleiðingar geta t.d. birst í:

- Verri skólasókn, andúð á skóla
- Minnimáttarkennd eða skertu sjálfsáliti
- Félagslegri einangrun eða öryggisleysi
- Kvíða eða þunglyndi
- Ótta eða örvaentingu
- Miklum skapsveiflum
- Biturð eða hefndarhug
- Sjálfsvígshugsunum, skjálfta eða svima

Líkamlegar afleiðingar geta til dæmis birst í:

- Svefnleysi eða svefnóróa
- Þreytutilfinningu eða sljóleika. Höfuðverk eða vöðvabólgu
- Hjartsláttartruflunum, skjálfta eða svima

Einkenni eineltis í bekk geta verið:

- Ósamstaða í bekk og samskiptaörðugleikar
- Nemandi tekur ekki þátt í hópastarfi og er oft útundan
- Nemandi er mikill einfari og virðist standa utan við hópinn
- Nemandi verður fyrir aðkasti og/eða skopi af hálfu samnemenda og/eða kennara

Verði breytingar á líðan og hegðun einstaklings ber að skoða hvort hugsanlegt sé að viðkomandi upplifi að hann verði fyrir einelti. Afleiðingar geta lýst sér sem almenn vanlíðan og er því mikilvægt að ræða við hlutaðeigandi um hvað hann telji að valdi breytti líðan eða hegðun. Líkamleg og sálræn einkenni geta komið fram og þróast út í mjög alvarleg einkenni sé ekkert að gert.

Hafa ber í huga að það er ekki einungis sá sem verður fyrir eineltinu sem skaðast. Ýmsir aðrir sem að því koma, s.s. fjölskylda þeirra og vinir finna oft fyrir miklu álagi þar sem afleiðingar eineltis geta haft svo víðtæk áhrif. Þar sem einelti er látið viðgangast í skóla getur það haft umtalsverð áhrif á aðra skólfélaga og mótað þann skólabrag sem ríkir. Það er því á ábyrgð allra þeirra sem verða varir við einelti af einhverju tagi að koma ábendingum þar um til réttra aðila til að hægt sé að vinna með málið.



Vinnureglur/viðbragðsáætlun í eineltismálum:

Ef grunur er um að einelti eigi sér stað skal sá sem fær vitnesku um málið hafa samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnendur skólans. Eineltisteymi kannar allar ábendingar til hlítar.

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með því að hitta ofangreinda aðila á skólatíma, hafa samband símleiðis eða senda tölvupóst. Einnig er hægt að koma upplýsingum um einelti á framfæri með því að fara inn á svæði á heimasíðu skólans, <http://www.verslo.is/skolinn/einelti/>. Unnið er með ábendingar í trúnaði sé þess óskað.

Umsjónarkennrar, námsráðgjafar og skólastjórnendur eru upplýstir um eineltið. Námsráðgjafar taka viðtöl við aðila málsins, þolendur, gerendur og forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri.

Eineltisteymi og umsjónarkennrar (ef við á) vinna saman og greina úrræði og vinna að lausn samkvæmt eftirfarandi:

Bekkir:

- Upplýsinga aflað
- Samband haft við viðeigandi aðila
- Unnið að lausn – viðtöl við nemendur bekkjarins (um það bil þrír saman)
- Umsjónarkennari og námsráðgjafi vinna saman að viðtolum
- Upplýsinga aflað frá kennurum (batnar ástandið?)
- Ef lausn fæst ekki er unnið með þá einstaklinga sem taldir eru skapa rót vandans

Einstaka nemendur:

- Upplýsinga aflað
- Viðtöl við viðeigandi aðila
- Unnið að lausn – einstaklingsviðtöl og stuðningur. Námsráðgjafar vinna að viðtolum
- Áframhaldandi vinna þar til lausn fæst. Ef málið leysist ekki er utanaðkomandi sérfræðiaðstoð fengin

Forvarnir:

Áhersla á jákvæð samskipti í skólasamféluginu og skýr stefna um að einelti sé ekki liðið er lykilþáttur í forvörnum. Það er því mikilvægt að efla vitund allra í skólasamféluginu um jákvæð samskipti og að þau séu einkennandi í öllu starfi skólans. Að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður fyrir alla nemendur og starfsfólk og að hlýlegt og hvetjandi andrúmsloft sé til staðar þar sem gagnkvæm virðing sé ríkjandi. Í Verzlunarskóla Íslands er lögð áhersla á að:

- Mikilvægt er að miðla þekkingu og efla meðvitund um einelti t.d. með fyrirlestrum og beintengingu við námsefni
- Mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi fyrir einelti og öðrum neikvæðum samskiptum og bregðist við á viðeigandi hátt
- Skýr stefna skólans um að barátta gegn einelti sé kynnt sem víðast og sérstaklega kynnt öllum nemendum og starfsfólk skólans
- Áhersla á jákvæð samskipti í skólasamféluginu, mikilvægt sé að efla vitund allra og að slíkt sé einkennandi í öllu starfi skólans
- Samskiptadagar – samstarf við skólfelagið um þemu um jákvæð samskipti – t.d. brosdagar, verum góð hvert við annað, gleðidagar
- Umræður um jákvæð samskipti mikilvægar og t.d. að umsjónarkennrar taki annað slagið upp umræðu um jákvæð samskipti í sínum bekkjum
- Stuðla að fjölbreyttu og heilbrigðu félagslífi nemenda og starfsfólks

Eineltisteymi:

Í eineltisteymi eru stjórnendur skólans, námsráðgjafar og lífsleiknikennari fyrsta árs nemenda. Ef upp kemur eineltismál er umsjónarkennari nemandans einnig í teymini.



Eineltisteymi fundar a.m.k. einu sinni á önn þar sem ákveðnir eru „eflingardagar“, eineltisáætlun uppfærð o.s.frv. Eineltisteymi fundar einnig þegar staðfestur grunur um einelti á sér stað.

Umsjónarkennari ásamt eineltisteymi ber ábyrgð á að eineltismálum sé fylgt eftir. Skólastjóri ber þó endanlega ábyrgð á lausn eineltismála.

Starfsfólk

Stefna skólans:

Einelti er ekki liðið við Verzlunarskóla Íslands. Komi upp grunur um einelti innan skólans er tekið á þeim málum og gerðar nauðsynlegar ráðstafanir.

Markmið eineltisáætlunar:

- að til sé skilvirkrt ferli sem fylgt er þegar upp koma ábendingar um hugsanlegt eða staðfest einelti
- að ferli eineltismála sé öllum á vinnustaðnum ljóst og upplýsingar um það séu aðgengilegar
- að vera forvarnaráætlun
- að stuðla að jákvæðum samskiptum

Skilgreining á einelti:

Í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað stendur (3.gr.) að einelti sé „ámaðelisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns, eða tveggja eða fleiri starfsmanna, enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstrar ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan.“



Birtingarmyndir eineltis:

Einelti á vinnustað birtist með ýmsum hætti og má sem dæmi nefna:

- Misnotkun valds/ofstjórnun
- Óréttmæt starfstengd gagnrýni

Meiðandi sögusögnum er komið af stað:

- Starfsmaður er lítillækkaður, útilokaður eða tekinn fyrir
- Starfsmaður fær ekki stöðuhækku eða starfspjálfun
- Starfsmaður fær hótanir sem beinast gegn starfsöryggi hans
- Starfsmaður er beittur líkamlegu ofbeldi

Pættir sem stuðla að einelti:

Á þeim vinnustöðum, þar sem einelti þrífst, er stjórnun oft ábótavant. Hér má sjá dæmi um einkenni óviðunandi stjórnunaraðferða:

- Valdahroki einkennir stjórnun
- Illa er staðið að breytingum
- Óraunsæ markmið eða tímaáætlunar
- Takmarkað upplýsingastreymi
- Óljósar reglur um framgang starfsmanna

Forvarnir

Til að fyrirbyggja einelti eiga stjórnendur að efla jákvæðan starfsanda og vinnumenningu þar sem lögð er áhersla á virðingu og góða starfshætti.

Á góðum vinnustað er virkt upplýsingaflæði og rík áhersla lögð á góð samskipti. Þar er ólíkum einstaklingum sýnt umburðarlyndi og fordómar eru ekki liðnir. Tekið er á vandamálum sem upp koma og viðbrögð eru markviss. Lausna er leitað í stað þess að grafa vandamál í þögn. Ólíklegra er að einelti eigi sér stað innan stofnana þar sem starfsandi einkennist af virðingu og umburðarlyndi.

Vinnureglur/viðbragðsáætlun í eineltismálum:

Ef starfsmaður upplifir einelti ber að taka kvörtun hans alvarlega og bregðast við á faglegan hátt.

Leggja skal áherslu á að leysa málið eins fljótt og hægt er. Að hann geti leitað til einhvers í eineltisteyminu. Mikilvægt er að við rannsókn eineltis sé farið eftir ákvæðum stjórnsýslulaga þar sem einelti getur leitt til áminningar og jafnvældi uppsagnar.

Hægt er að tilkynna grun um einelti á þar til gerðu eyðublaði.

Mál rannsakað með formlegum hætti: Ferlið

Kvarti starfsmaður yfir einelti á vinnustað þarf að fara vandlega yfir málið og upplýsa atvik þess eftir bestu getu.

- Fara yfir málið í ró og næði með starfsmanninum sem kvartar.
- Ræða við meintan geranda sem og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið, t.d. samstarfsmenn.
- Draga ekki fleiri inn í málið en nauðsynlegt er. Rétt er að ræða við einn aðila í senn.
- Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að afla gagna.
- Upplýsingar úr viðtölum og aðrar upplýsingar, sem fengnar eru munnlega, ber að skrá.
- Utanaðkomandi ráðgjafi er fenginn til starfa ef þörf þykir.



Gæta skal þess að upplýsa þolanda um framvindu málsins, eins og kostur er, meðan unnið er að lausn þess.

Eineltisteymi:

Í eineltisteymi eru: tveir skólastjórnendur, tveir kennrarar og fulltrúi annarra starfsmanna.

Eineltisteymi fundar a.m.k. einu sinni á önn. Eineltisteymi fundar einnig þegar staðfestur grunur um einelti á sér stað. Ef eineltið lýtur að einhverjum í teyminu víkur sá hinn sami úr teyminu við meðferð mál. Ef þörf er á er utanaðkomandi ráðgjafi oft og tíðum vel til þess fallinn að stýra sáttafundum.

Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á lausn eineltismála.

MARKMIÐIÐ ER AÐ SKAPA VINNUUMHVERFI

ÞAR SEM EINELTI ER EKKI LIÐIÐ.

Móttökuáætlun nýnema

Verzlunarskóli Íslands er bekkjarskóli. Þar af leiðandi fer hver nýnemi í ákveðinn bekk strax við innritun. Þegar raðað er í bekki er fyrst og fremst tekið mið af brautarvali nemandans. Haustið 2016 innrituðust nemendur í einn bekk á alþjóðabraud, einn á nýsköpunar- og listabraud, fimm bekki á viðskiptabraud og fimm bekki á náttúrufræðibraud. Hver bekkur hefur umsjónarkennara sem kennir honum, a.m.k. eitt fag á fyrsta ári. Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að halda utan um mætingar nemenda, fylgjast með framvindu náms þeirra og líðan í skólanum. Á fyrsta ári fer bekkurinn í lífsleiknitíma einu sinni í viku. Sérstakur lífsleiknikennari sér um helming tímann og umsjónarkennari um hinn helming þeirra. Í lífsleiknitínum er fjallað um ýmislegt sem viðkemur lífi ungs fólks og menntaskólanemenda.

Eftir skólastettingu í ágúst er sérstök dagskrá fyrir nýnema í umsjón yfirkennara og námsráðgjafa. Þá fá þeir kynningu á skólanum, starfi námsráðgjafa, bókasafnsins, nemendafélagsins, skólastjórnenda, tölvumálum o.fl.

Í annarri viku skólaársins er svokölluð nýnemavika. Í þeirri viku sér nemendafélagið um ýmsa atburði fyrir nýnema. Nýnemavikunni lýkur með ferð út úr borginni þar sem gist er aðfaranótt laugardags og nýnemar eru formlega boðnir velkomnir í skólann með glensi og gríni.

Áður en skólahald hefst í ágúst sendir nemendafélag skólans öllum nýnemum Vonina, sérstaka útgáfu Viljans, skólablaðs Verslinga þar sem þeir kynna hið fjölbreytta starf nemendafélagsins.

Móttökuáætlun nýrra Íslendinga

Ekki hefur enn reynt á að skólinn hafi tekið á móti nýjum Íslendingum en í vinnslu er ítarleg móttökuáætlun.

Móttökuáætlun nýrra starfsmanna

Skólinn leggur áherslu á að taka vel á móti nýjum starfsmanni. Þegar starfsmaður hefur störf sér stjórnandi eða annar tilgreindur starfsmaður til þess að fyrstu dagarnir í starfi verði sem gagnlegastir fyrir starfsmanninn. Tekið er á móti nýjum starfsmanni með kerfisbundnum hætti (sbr. gátlista – **Fylgiskjal III**) og hann settur í umsjón starfsfóstra eftir formlega móttöku hans. Næsti yfirmaður er ábyrgur fyrir því að starfsfóstrinn veiti nýjum starfsmanni fræðslu um það sem sérstaklega lýtur að starfssviði hans.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsustefna Verzlunarskóla Íslands

Heilsuefling í Verzlunarskóla Íslands er sameiginlegt verkefni allra sem í skólanum starfa, starfsmanna og nemendasamfélagsins. Heilsuefling miðar að því að hafa jákvæð áhrif á lífsstíl allra þeirra sem mynda skólasamfélag Verzlunarskólans og gera þeim kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður.

Meginmarkmiðið er að skapa aðstæður og umhverfi sem gera einstaklingum og skólasamfélagini kleift að auka hreysti og efla vitund og vilja til að viðhalda andlegu og líkamlegu heilbrigði.



Verzlunarskólinn setur sér fimm undirmarkmið er lúta að aukinni hreyfingu, forvörnum gegn streitu og andlegu álagi, hollu mataræði, áfengis-, tóbaks- og vímuefnavörnum ásamt því að stuðla að öryggi í skólastofnuninni.

Markmið Verzlunarskólans eru að:

- Skólastarfið taki mið af því að hlúð sé að andlegri heilsu nemenda og starfsmanna skólans og að allir leggi sitt af mörkum til að efla jákvæðan skólabrag.

Það fæst m.a. með því að:

- á heimasíðu skólans sé aðgengilegt efni um leiðir til að leita sér aðstoðar ef á þarf að halda á sviði andlegrar heilsu
